JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON

*Sönglar í huganum með tónhlöðunni*

• heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS




RACHEL KUM

*Ungfrú Singapore langar að sjá norðurljósin*

Heldur jólin á Íslandi

FÓLK 22




GUÐRÚN EDDA

*Mamma Gógó færð til*

Myndin verður frumsýnd 1. janúar

FÓLK 22




# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

23. nóvember 2009 — 277. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR

**Fagna hverjum degi**

Séra Örn Bárður Jónsson er sextugur í dag.

TÍMAMÓT 14



**Flytur af landi**

Baldvin Esra sest að í Gent í Belgíu með konu sinni.

FÓLK 22



**Mezzoforte til Suður-Afríku**

Boðið að spila á djasshátíð í Höfðaborg.

FÓLK 18





**Defoe með fimm mörk**

Tottenham vann 9-1 stórsigur gegn Wigan í gær þar sem Jermaine Defoe skoraði fimm mörk.

ÍÞRÓTTIR 17

## VEÐRIÐ Í DAG




**NORÐAUSTLÆGAR ÁTTIR** í dag verða víðast norðaustan 8-15 m/s. Snjókoma norðaustanlands og slydda austan til, en bjart með köflum sunnan- og suðvestanlands. Hiti víða í kringum frostmark.

VEÐUR 4

# Ný flugstöð byggð í borginni

**Samgönguyfirvöld hafa rætt við borgina um að reisa 1.500 fermetra flugstöð í stað áður fyrirhugaðrar samgöngumiðstöðvar. Samgönguráðherra segist bíða eftir leyfi frá Reykjavíkurborg til að geta hafist handa.**

**SAMGÖNGUMÁL** Fulltrúar samgönguyfirvalda hafa viðrað hugmyndir við borgaryfirvöld og lífeyrissjóðina um að byggð verði ný flugstöð á Reykjavíkurflugvelli, á svæði Flugfélags Íslands. Fallið verði frá hugmyndum um stóra samgöngumiðstöð. Umferðarmiðstöðin, eða BSÍ, yrði áfram á sínum stað.

Nýbyggingin yrði 1.500 fermetrar að stærð og myndi kosta rúman milljarð. Hún yrði reist rétt norðan við núverandi flugstöð, sem yrði að lokum rifin.

Áður stóð til að reisa sex þúsund fermetra samgöngumiðstöð, sem hefði verið stækkanleg í allt að tíu þúsund fermetra, norðan af Loftleiðahótelinu. Sú lóð hefur síðan verið minnkuð, og Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs, bendir á að þrenging lóðarinnar og nálægðin við Háskólann í Reykjavík, geti hugsanlega gert aðkomu bílaumferðar að flugstöð við Loftleiðir lakari.

„Mér líst persónulega ekkert illa á þessa niðurstöðu, ef hún yrði ofan á,“ segir Júlíus „Mér finnst að ráðherra samgöngumála megi vel skoða þetta í ljósi breyttra aðstæðna, að byggja litla flugstöð í stað þeirrar stóru samgöngumiðstöðvar sem átti að rísa.“

Ljóst sé að núverandi aðstaða innanlandsflugsins sé ekki viðunandi. Júlíus færi því vel yfir þetta mál, komi formleg tillaga frá ríkinu.

Kristján L. Möller samgönguráðherra segir að hagsmunaaðilar hafi rætt það við ríkið að hafa flugstöðina minni, enda hafi orðið samdráttur í fluginu. Enn hafi ekkert verið ákveðið og málið sé statt hjá Reykjavíkurborg.

„Ég er opinn fyrir hverju sem er og við erum til í að byggja samgöngumiðstöð um leið og við fáum leyfi til,“ segir hann. Enn standi til að reisa samgöngumiðstöð, en ekki bara flugstöð. Spurður í hvaða húsi aðstaðan fyrir rútur eigi að vera, segir hann það óleyst mál sem fari eftir því hvaða leyfi fáist frá borginni og á hvorri lóðinni verði byggt. „Þetta verður alltaf samgöngumiðstöð, en misjafnt hvernig hún verður útfærð,“ segir hann. Vonandi fáist niðurstaða sem fyrst.

Arnar Sigmundsson, formaður Landssambands lífeyrissjóða, segir að viðskiptamódel fyrir samgöngumiðstöðina sé tilbúið.

„Við kæmum fyrst að þessu í gegnum fjármögnunina. Það er gert ráð fyrir að endurgreiðsla yrði í formi húsaleigu og gjaldtöku þeirra sem umferð eiga um stöðina. Þannig yrði kostnaðurinn endurgreiddur á tuttugu til þrjátíu árum,“ segir Arnar.

Borgarstjórnarflokkarnir, utan F-lista, sameinuðust í fyrra um tillögu úr hugmyndasamkeppni, sem gerði ráð fyrir því að flugvöllurinn hyrfi úr Vatnsmýrinni.

Spurður hvort um stefnubreytingu sé að ræða hjá borginni, segir Júlíus að þetta tvennt hangi ekki endilega saman. Byggingin yrði létt og megi fjarlægja auðveldlega. **- kóþ**



**TEIKNAR AF INNLIFUN** Sérstök barnahelgi fór fram í Bókabúð Máls og menningar um helgina og var boðið upp á ýmsar skemmtilegar uppákomur fyrir börnin. Listamaðurinn Brian Pilkington teiknaði fallegar jólamyndir með börnunum í gær. Ragnheiður Ragnarsdóttir og Sólveig María Einarsdóttir nýttu tækifærið og teiknuðu mynd af jólasveini ásamt listamanninum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐ

Kettir notfæra sér mannfólkið:

## Mala til að fá sínu framgengt

**GÆLUDÝR** Nýleg rannsókn sem gerð var við háskólann í Sussex í Bretlandi hefur leitt í ljós að kettir nota mal sér til framdráttar.

Karen McComb, sem leiddi rannsóknina, segir ketti gefa frá sér tvenns konar mal. Önnur gerðin sé mun háværari og okkur mannfólkinu þyki erfitt að leiða það hjá sér. „Kötturinn minn vakti mig oft á morgnana með mjög háværu mali þegar hann vildi eitthvað frá mér, eins og mat,“ útskýrði McComb. Hún segir ketti hafa lært að nota þetta hljóð til að fá sínu framgengt.

Ólíkt venjulegu mali feli það í sér hljóð sem sé á sömu bylgjulengd og barnsgrátur og mannfólkið sé mjög næmt fyrir því. **- sm**



**ÓMÓTSTÆÐILEGIR** Erfitt er að leiða hjá sér kattamal.






Fyrrverandi starfsmaður Kaupþings kærður fyrir hundruð milljóna fjárdrátt:

## Hafði fé af viðskiptavinum

**DÓMSMÁL** „Konan hafði unnið lengi á markaðnum og hefur mikla reynslu á sínu sviði,“ segir Jóhannes Rúnar Jóhannsson hjá skilanefnd Kaupþings, um mál konu sem starfaði hjá gamla bankanum um árabil og er grunuð um stórfelldan fjárdrátt fyrir bankahrunið í fyrra. Þegar upp komst um málið fyrr á árinu var konunni sagt upp störfum.

Jóhannes vildi ekki segja til um þær fjárhæðir sem konan er talin hafa dregið að sér. Ríkisútvarpið hafði heimildir fyrir því í gær að þær hafi numið allt að hálfum milljarði króna.

Konan sinnti einkabankaþjónustu hjá gamla Kaupþingi og sá um kaup og sölu verðbréfa fyrir þá viðskiptavini sem höfðu gert þjónustusamning við bankann. Skilanefndin kærði hana til lögreglu í sumar fyrir fjárdrátt og umboðssvik. Jóhannes taldi mál hennar ekki enn hafa verið tekið fyrir. **- jab**







**SPURNING DAGSINS**



*Hreiðar, er þetta þitt sérsvið?*

*„Já, þetta er alla vega sérsviðið þessa stundina.“*

Hreiðar Jósteinsson er nýkrýndur Íslandsmeistari í sviðakjammaáti. Hann borðaði sex sviðakjamma á úrslitakvöldinu á Íslenska barnum.

Sjö steypustyrktarjárn stungust í mann sem datt ofan í grunn á Flúðum:

# Haldið sofandi í öndunarvél

**LÖGREGLUMÁL** Karlmanni á fertugsaldri er haldið sofandi í öndunarvél á Landspítalanum eftir að hann slasaðist alvarlega á Flúðum í Hrunamannahreppi um tvöleytið í fyrrinótt. Maðurinn féll ofan í grunn á viðbyggingu við sumarbústað með þeim afleiðingum að sjö steypustyrktarjárn stungust í hann. Um tuttugu mínútur tók fyrir sjúkrabíl að komast á vettvang og þurfti að klippa á járnin með slípirokki til að hægt væri að losa hann. Það tók um það bil hálftíma og var maðurinn með meðvitund allan tímann.

Hann var fluttur með þyrlu á Landspítalann klukkan korter yfir þrjú um nóttina og á leiðinni til Reykjavíkur missti hann meðvitund. Hann gekk síðan undir aðgerð á slysadeild þar sem járnin voru fjarlægð.

Að sögn lögreglunnar á Selfossi var maðurinn staddur í sumarbústaðnum með ættingjum sínum og fóru nokkrir þeirra með honum í þyrlunni til Reykjavíkur. Bústaðurinn er í sumarbústaðalandi sem nefnist Hátorfa og er vestan við Langholtskot. -fb



**FLÚÐIR** Bústaðurinn þar sem slysið átti sér stað er í sumarbústaðalandinu Hátorfu vestan við Langholtskot. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Átök í heimahúsi:

# Blóðugur á Laugaveginum

**LÖGREGLUMÁL Lögreglunni barst tilkynning um að blóðugur maður hefði sést á gangi á Laugavegi um klukkan tvö aðfaranótt sunnudags.**

**Maðurinn hafði verið gestkomandi í húsi við Laugaveg og lent í átökum við húsráðanda. Húsráðandi veitti honum þá áverka með hnífi. Maðurinn var fluttur á slysadeild en vildi enga aðstoð þiggja þar. Þó var hægt að gera að sárum hans til bráðabirgða. Hann og húsráðandinn voru vistaðir í hvor í sínum fangaklefanum. Mennirnir, sem eru báðir um fertugt og af erlendum uppruna, voru mjög ölvaðir.** - fb



**VALHÖLL** Hætt var við uppboð sem halda átti í Valhöll í gær.

Afmæli Sjálfstæðisflokksins:

# Ekkert uppboð vegna fámennis

**STJÓRNMÁL Hætt var við uppboð sem Sjálfstæðisflokkurinn og málfundafélagið Óðinn ætluðu að halda í Valhöll í gær í tilefni af 80 ára afmæli flokksins og því að 50 ár eru liðin frá stofnun viðreisnarstjórnarinnar. Ástæðan var dræm mæting.**

**Bjóða átti upp fágæta muni úr sögu flokksins, meðal annars kaffistell úr gamla sjálfstæðishúsinu við Austurvöll. „Uppboðið var auglýst klukkan 13 en það var heldur fámennt á auglýstum tíma þannig að við frestuðum því aðeins,“ segir Theodór Bender, formaður Óðins. „Síðan tókum við ákvörðun um að blása það af því þetta var komið of nálægt fyrirlestrinum hans Styrmis.“ Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, hélt fyrirlestur um viðreisnarstjórnina klukkan fjögur í gær.** - fb

# Nær enginn öruggur gegn óværunum

**Á bilinu fimmtán til tuttugu þúsund óværur herja á tölvur í dag. Óværur hafa tvöfaldast á hverju ári síðustu 23 ár. Ekki er mælt með því að fullorðnir noti netbanka í sömu tölvu og unglingar nota til spjalls og niðurhals á afþreyingu.**

**TÆKNI** „Það hefur orðið algjör sprenging í vel gerðum spilliforritum. Óprúttnir aðilar úti í heimi eru farnir að ráða til sín hæfileikaríkt fólk sem getur búið til óværur og spilliforrit sem laumast nær óhindrað inn í tölvur. Þeir selja aðgang að þeim til hæstbjóðanda í tiltekinn tíma og geta þeir nálgast viðkvæmar upplýsingar,“ segir Kristinn Guðjónsson, sérfræðingur hjá upplýsingatæknifyrirtækinu Skyggni.

Kristinn segir tölvubrot og innbrot í tölvukerfi hafa stóraukist upp á síðkastið og séu tölvuþrjótarnir orðnir mjög færir. Hann segir það líðna tíð að unglingar með góða tölvuþekkingu hafi aflað sér virðingar með því að búa til vírusa og spilliforrit.

Eftir harðsvíruð glæpasamtök, svo sem í Brasilíu, Kína og Rússlandi, hafi komist að því að hafa megi fé af fólki með óværum af öllu tagi hafi orðið sprenging í geiranum. Hann vísar til þess að frá 1986 til 2008 hafi tíu milljónir óværa verið greindar. Þær eru nú tuttugu milljónir talsins, sem er tvöföldum á tólf mánaða tímabili. Þá hafi árásum óværa fjölgað úr hundrað á degi hverjum í á milli fimmtán til tuttugu þúsund nú.

Friðrik Skúlason, stofnandi og framkvæmdastjóri veirubanafyrirtækis undir sama nafni og höfundur að veiruvarnarforritinu Frisk, tekur undir þetta. Hann segir vírusa nær horfna. Hins vegar hafi ýmiss konar fjárkúgunarforrit, trójuhestar og bakdyr tekið við. Síðasttalda óværan opnar óviðkomandi aðgang inn í tölvur og getur sá nálgast nær hvaða upplýsingar sem hann vill. „Helsti vandinn í dag eru forrit sem segja tölvur sýktar og gefa sig út fyrir að vera hreinsibúnaður. Þetta er einnota búnaður sem gerir ekki neitt en notendur greiða fyrir,“ segir Friðrik og bætir við að gífurlegir fjármunir séu í spilinu. Hann nefnir að eitt óværufyrirtæki hafi keypt leitarorð þekkts veirubanafyrirtækis hjá netleitarfyrirtækinu Google og greitt á bilinu sex til níu hundruð þúsund dali fyrir. Það jafngildir rúmum hundrað milljónum íslenskra króna. Þegar netverjar hafi leitað að tilteknu forriti hafi netsíða komið upp þar sem reynt hafi verið að pranga inn á fólk vita gagnslausum hugbúnaði.

jonab@frettabladid.is



**FRIÐRIK SKÚLASON** Segir vírusa nær horfna en ýmiss konar fjárkúgunarforrit og trójuhesta tekið við. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## AÐGANGUR AÐ TÖLVUM BOÐINN UPP

Dæmi eru um að tölvuþrjótar selji aðgang að tölvum sem sýktar hafa verið með spilliforritum. Kristinn segir netsíður sem bjóði slíkt minna helst á uppboðsvefi. Þar geti fólk keypt aðgang að tölvum í tilteknum löndum í ákveðinn tíma sem spilliforrit hafa náð tökum á og opnað óviðkomandi aðgang að.

Kristinn segir óværur í tölvum mjög vel gerðar enda taki einstaklingar iðulega ekki eftir þeim. Dæmi eru um að netsíður fyrirtækja séu sýktar með spilliforritum, og jafnvel pdf-skjöl.

Komast má hjá sýkingu með því að hafa allar varnir tölvunnar í gagni, auk eldsveggs. Mjög algengt er að tölvur unglinga séu sýktar af einhvers konar veirum. Draga má úr hættunni af því og opna ekki torkennilegar tilkynningar, svo sem þær sem koma upp í msn-samskiptaforritinu. „Fólk verður að nota almenna skynsemi og hugsa sig tvisvar um áður en það opnar slíka tengla,“ segir hann og bendir fólki á að nota helst ekki netbanka í sömu tölvu og unglingar nota til að spjalla saman.



**HARMLEIKUR** Alls hafa 92 manns fundist látnir eftir sprenginguna í kolanámunni.

Mannskætt kolanámuslys:

# 92 hafa farist og 16 er saknað

**KÍNA, AP** Að minnsta kosti 92 manns hafa fundist látnir og sextán er saknað eftir að gassprenging varð í kolanámu í norðvesturhluta Kína á laugardagsmorgun. Þetta er mannskæðasta kolanámuslysið í landinu í tvö ár.

Sprengingin varð í nærri hundrað ára gamalli kolanámu í héraðinu Heilongjiang, skammt frá landamærum Rússlands. Stjórnvöld í Kína hafa reynt að auka öryggi í námum landsins að undanförnu. Á síðasta ári var um eitt þúsund hættulegum námum lokað en þrátt fyrir það deyja hundruð á hverju ári í kolanámuslysum. Í febrúar síðastliðnum fórust 78 manns í gassprengingu í Shanxi-héraði og í maí fórust 30 í gasleka í Chongqing. - fb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Veifaði hnífi

Lögreglan á Selfossi handtók mann á fertugsaldri í heimahúsi í Þorlákshöfn skömmu fyrir eitt í fyrrinótt. Hann hafði lent í útistöðum við kærustuna sína og veifaði hnífi framan í hana. Maðurinn gisti fangageymslur og var sleppt upp úr hádegi í gær eftir yfirheyrslu.

### Hönd í gegnum gler

Karlmaður um þrítugt skarst illa þegar hann sló hendinni í gegnum rúðu á Hótel Hlíð í Ölfusi í fyrrinótt. Hann var ölvaður en orðinn nokkuð rólegur þegar sjúkrabíll kom á vettvang.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Rjúpnaveiði án veiðikorts

Lögreglan á Húsavík þurfti að hafa afskipti af rjúpnaveiðimanni skammt fyrir utan bæinn í gær. Hann var án veiðikorts. Lögreglan hefur þessa dagana aukið eftirlit með rjúpnaveiðimönnum og kannar veiðikort þeirra, veiðileyfi og skotvopn.

### Bílvelta á Reykjanesbraut

Bílvelta varð á Reykjanesbrautinni við Straumsvík um hálfsexleytið í gær. Bílinn var óökufær eftir slysið en engin alvarleg slys urðu á fólki.




Einn ríkasti maður Skotlands sagður koma að endurfjármögnun 1998 í Högum:

# Hlutur Arion ekki til sölu

**VIÐSKIPTI** „Þetta var stuttur fundur. Þeir sögðu hlutinn ekki til sölu,“ segir Brynjar Níelsson, lögmaður Þjóðhags, hóps fjárfesta sem höfðu lýst yfir áhuga á að kaupa hlut Arion banka (áður Kaupþings) í Högum.

Brynjar átti örstuttan fund með fulltrúum bankans í gær. Þar kom fram að hluturinn er ekki falur og vísað til verklagsreglna. Þær kveða á um að unnið sé með núverandi eigendum.

Brynjar vildi ekkert segja um næstu skref en að menn séu ekki sáttir.

Greint var frá því fyrir síðustu mánaðamót að Kaupþing hefði tekið yfir hlut 1998 í Högum.

Forsvarsmenn 1998, Jón Ásgeir Jóhannesson og fjölskylda, munu í dag leggja fram gögn um endurfjármögnun félagsins sem á að tryggja þeim sextíu prósenta hlut í Högum. Fréttastofa Stöðvar 2 sagði í gær Sir Tom Hunter, einn ríkustu manna Skotlands og einn af nánustu viðskiptafélögum Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, á meðal þeirra sem endurfjármagni félagið. Hunter kom að fjölda fjárfestinga með Baugi, svo sem kaupum á bresku verslanakeðjunni House of Fraser. Hvorki náðist í Jón Ásgeir né föður hans Jóhannes Jónsson þegar eftir því var leitað í gær.

Um kvöldmatarleytið í gær höfðu 3.885 skráð nafn sitt á vef Þjóðhags og lýst yfir áhuga á að taka þátt í kaupum á Högum. - jab



**JÓN ÁSGEIR OG HUNTER** Tom Hunter og Jón Ásgeir Jóhannesson hafa unnið náið saman um nokkurra ára skeið.

# Bíókort með öllum Nokia símatilboðum hjá Nova!




BESTI DÍLLINN!

**0 kr.** útborgun

**Nokia 3120**

Afborgun 2.000 kr. á mán.
Staðgreitt: 24.000 kr.

2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir þessum farsíma.
Gildir í áskrift og frelsi.

**0 kr.** útborgun

**Nokia 2730**

Afborgun 2.000 kr. á mán.
Staðgreitt: 24.000 kr.

1.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir þessum farsíma.
Gildir í áskrift og frelsi.

BESTI DÍLLINN!

**14.900 kr.** útb.

**Nokia 6730**

Afborgun 2.000 kr. á mán.
Staðgreitt: 38.900 kr.

2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir þessum farsíma.
Gildir í áskrift og frelsi.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri
og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

DAGUR & STEINI

## GENGIÐ 20.11.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,47 | 124,05 |
| Sterlingspund | 204,17 | 205,17 |
| Evra | 183,60 | 184,62 |
| Dönsk króna | 24,668 | 24,812 |
| Norsk króna | 21,803 | 21,931 |
| Sænsk króna | 17,785 | 17,889 |
| Japanskt jen | 1,3888 | 1,3970 |
| SDR | 197,22 | 198,40 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
236,6421

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Félag að mestu í eigu Straums bætir fjárhagsstöðu West Ham til muna:

# Setja milljarð í enska boltann

**VIÐSKIPTI** Eignarhaldsfélagið CB Holdings hefur samið við kröfuhafa breska úrvalsdeildarliðsins West Ham. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvað felst í samningunum sem hljóða upp á fimm milljónir punda, jafnvirði um eins milljarðs króna. Féð fer í rekstur knattspyrnuliðsins og léttir á skuldabyrði þess.

Fjárfestingarbankinn Straumur á sjötíu prósenta hlut í CB Holdings en gamli og nýi Landsbankinn fara með fimmtán prósent. Hlutirnir voru áður í eigu ýmissa félaga tengdum Björgólfi Guðmundssyni, fyrrum eiganda West Ham. Sparisjóðurinn Byr og MP Banki eiga afganginn.



**EGGERT OG BJÖRGÓLFUR** Rekstur breska knattspyrnufélagsins West Ham stefndi í þrot hefði reksturinn ekki verið stokkaður upp. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS

Breska dagblaðið Telegraph sagði á dögunum skuldastöðu knattspyrnufélagsins hafa batnað mikið í kjölfar samninganna. Félagið skuldar nú 38 milljónir punda, jafnvirði um 7,8 milljarða króna, og það sé viðráðanlegt í ljósi þess að tekjur nema níutíu milljónum punda.

Fjárhagslegur róður West Ham þyngdist mjög í stjórnarformannstíð Eggerts Magnússonar og stefndi í þrot. Í kjölfar brotthvarfs Eggerts um miðjan september 2007 hófu fyrri eigendur umfangsmikla endurskipulagningu. Straumur tók CB Holdings yfir í júní á þessu ári og hefur skorið kostnað mikið niður, svo sem laun. - jab

Skólastarf í Grafarvogi:

## Fallið frá safnskólahugmynd

**MENNTAMÁL** Menntaráð hefur fallið frá hugmyndum um að koma upp safnskóla á unglingastigi í norðurhluta Grafarvogs.

Fram kemur í bréfi skólastjóra Engjaskóla, þar sem til stóð að hafa safnskólann, að fulltrúar menntaráðs hafi kosið um hugmyndina síðastliðinn miðvikudag.

„Enn fremur er fræðslustjóra falið að vinna með skólastjórum í Grafarvogi að auknu samstarfi þeirra á milli. Vinnan skuli miða að því að efla sveigjanleika í skólastarfi og styrkja námsval nemenda á unglingastigi sem og kennslu í einstaka faggreinum,“ segir í bréfinu. - óká



**SMÁMYNT FRÁ 10. ÖLD** Myntin sem fannst við uppgröft hjá Þingvallakirkju er slegin nafni Ottós þriðja Þýskalandskeisara.

Fornleifar á Þingvöllum:

## Mynt frá 10. öld við kirkjuvegg

**FORNLEIFAR** Silfursmámynt, sem fannst í vor við uppgröft hjá Þingvallakirkju, er frá 10. öld og slegin í nafni Ottós þriðja Þýskalandskeisara.

Myntin er nokkuð heilleg og vegur 1,29 grömm. Hún er 17,7 millimetrar að þvermáli.

Í gegnum tíðina hefur fjórtán sinnum verið stungið í hann eða skorið, til að sannreyna silfurinnihaldið.

Ottó þriðji komst til valda þriggja ára gamall árið 983 og ríkti í fyrstu í félagi við ömmu sína, Aðalheiði.

Myntir frá þessum tíma finnast ekki oft hérlendis. - kóþ

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Höfuðkúpubrotinn við Hressó**

Meðvitundarlaus maður á þrítugsaldri fannst við Hressó í Austurstræti í fyrrinótt. Hann hafði orðið fyrir líkamsárás og reyndist vera höfuðkúpubrotinn. Þremur tímum síðar fann lögreglan gerandann, sem er einnig á þrítugsaldri, og færði hann í fangageymslur.

**Stálu skiptimynt í strætó**

Tveir ungir menn, sextán og átján ára, brutust inn í þrjá strætisvagna við athafnasvæði Hagvagna í Hafnarfirði í fyrrinótt. Þeir voru að reyna að verða sér úti um skiptimynt úr strætisvögnunum þegar vaktmaður á svæðinu gómaði þá.



**HELGUVÍK** Suðvesturlínan er forsenda þess að nýtt álver geti risið í Helguvík á Reykjanesi. Lagning línunnar hefur verið umdeild en á fundi um helgina sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra að hún væri sannfærð um að öllum hindrunum í vegi Suðvesturlínu yrði rutt úr vegi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ekki rætt að ryðja hindrunum úr vegi

**Umhverfisráðherra segir að aldrei hafi verið rætt um það í ríkisstjórn að „ryðja öllum hindrunum úr vegi“ fyrir Suðvesturlínu. Forsætisráðherra sagðist um helgina sannfærð um að það yrði gert. Jóhanna þurfi að skýra mál sitt betur.**

**UMHVERFISMÁL** Aldrei hefur verið rætt um það innan ríkisstjórnarinnar að öllum hindrunum verði rutt úr vegi fyrir lagningu Suðvesturlínu. Þetta segir Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra.

Svandís segist ekki vita hvað Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra eigi við þegar hún segist „sannfærð um að öllum hindrunum í vegi Suðvesturlínu, sem er forsenda fyrir þróun orkuháðs iðnaðar á þessu svæði, verði rutt úr vegi þannig að framkvæmdir við hana geti hafist á næsta sumri.“

Jóhanna mælti svo á flokksráðsfundi Samfylkingarinnar í Reykjanesbæ á laugardaginn.

Svandís segir að Skipulagsstofnun sé búin að klára málið og að kærufresti eigi að ljúka í fyrstu viku desember.

„Þá hef ég tvo mánuði til að úrskurða, ef kæra berst,“ segir Svandís. „Þannig horfir þetta við mér þannig að ég veit ekki, hún þarf að skýra þetta betur sjálf.“

Spurð hvort hún hyggist flýta málinu eða nýta tvo mánuðina, segir hún að það velti á eðli þeirra kæra sem kunna að berast.

Enn hefur engin kæra borist og Svandís segir að ef það gerist ekki teljist málið fullafgreitt frá Skipulagsstofnun.

Árni Þór Sigurðsson, þingflokksformaður VG, undraðist ummæli forsætisráðherra í fréttum RÚV í gær og sagði að stundum væri gott að segja minna en meira. Spurð hvort hún taki undir þau orð Árna, að ummæli Jóhönnu séu óheppileg, segir umhverfisráðherra: „Það er ósköp lítið um málið að segja núna, meðan það er í þessu ferli. Mér finnst ekki tímabært að vera að tjá mig um það eitthvað efnislega. Það er forsætisráðherra að skýra það hvað liggur þarna að baki.“

klemens@frettabladid.is

Mikhaíl Gorbatsjov:

## Íhugar að fara aftur í pólitík

**RÚSSLAND, AP Mikhaíl Gorbatsjov, fyrrverandi leiðtogi Sovétríkjanna, veltir því nú fyrir sér hvort hann eigi að snúa aftur í stjórnmálin.**



**MIKHAÍL GORBATSJOV**

**Hann hefur harðlega gagnrýnt stefnu rússneskra stjórnvalda undanfarið. Hann segir að Rússland hafi farið verr út úr alþjóðlegu fjármálakreppunni, bæði vegna útbreiddrar spillingar og vegna þess hve háð landið er útflutningi á olíu. Hann segist vera að íhuga að stofna ný stjórnmálasamtök til mótvægis við stjórnina. Hann segist þó ekki hafa mikla trú á að þau fengju víðtækan stuðning meðal Rússa.** - gb

FÍS gerir athugasemdir:

## Segja skattþrep auka mismunun

**VIÐSKIPTI** Félag íslenskra stórkaupmanna (FÍS) gerir alvarlegar athugasemdir við nýkynntar skattahugmyndir ríkisstjórnarinnar. „Og þá sérstaklega það sem snýr að tryggingagjaldi og fjölgun skattþrepa virðisaukaskatts,“ segir í tilkynningu félagsins.

Þar segir að hækkun tryggingagjalds bitni harkalega á verslunar- og þjónustufyrirtækjum og að nýtt þrep virðisaukaskatts auki mismunun milli vöruflokka í samkeppni.

Samtökin segja að uppsagnir séu ein af fáum færum leiðum til að bregðast við eftir hagræðingu undanfarinna missera og telur tekjuáhrif óbeinna skatta trúlega ofmetin vegna flótta neytenda í ódýrari vörur. - óká




Þeir sem eiga miða í Happdrætti Háskólans geta átt von á 75 milljóna afmælisvinningi í síðasta útdrætti ársins. Þú getur ennþá verið með! Tryggðu þér miða fyrir aðeins 1.000 kr. á mánuði. **Við drögum næst 24. nóvember!**

Fáðu þér miða á www.hhi.is eða í síma 800 6611

## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
Veðurfréttamaður

**ÁFRAM SVIPAÐ**
Það er lítilla breytinga að vænta í veðrinu næstu daga. Áfram verða norðaustlægar áttir ríkjandi. Snjókoma eða slydda norðaustan- og austanlands og yfirleitt bjart veður sunnan og vestan til. Það verður áfram fremur svalt í veðri.




**Á MORGUN**
8-15 m/s.

**MIÐVIKUDAGUR**
Útlit fyrir nokkuð stífa norðaustanátt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 11° |
| Berlín | 11° |
| Billund | 10° |
| Eindhoven | 13° |
| Frankfurt | 11° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 13° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 11° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 8° |
| París | 13° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 48161

*Hafðu samband*
sími 444 7000 ▪ arionbanki.is

# Nýr *banki* lítur dagsins ljós

Nú hefur nýr banki, Arion banki, tekið til starfa þar sem áður var Nýi Kaupþing banki. Samhliða endurskipulagningu bankans hafa starfsmenn mótað nýjar áherslur og nýja framtíðarsýn. Okkur er ljóst að traust almennings á bönkum er í lágmarki og við ætlum að leggja okkur fram við að vinna aftur það traust sem hefur glatast.

Við ætlum að byggja upp öflugan banka. Við ætlum að standa fyrir ábyrga verðmætasköpun, vinna með og fyrir fólkið í landinu og setja kraft í uppbyggingu og velferð íslensks efnahagslífs. Með fagmennsku, framsækni, ábyrgð og umhyggju að leiðarljósi setjum við viðskiptavininn í fyrsta sæti.

***Merkið:***
Merki Arion banka byggir á ævafornu munstri sem nefnist áttablaðarós og hefur lengi verið algengt í íslenskum hannyrðum. Áttablaðarósin minnir um margt á frostrós, en í rósinni felst einnig átta arma stjarna, grunnform áttavitans. Merkið bendir til íslenskrar menningar, staðhátta, náttúru og veðurfars.

***Nafnið:***
Nafnið Arion kemur úr grísku. Sagt er frá söngvaskáldinu Arion í fornum þjóðsögum frá Grikklandi. Hæfileikar hans gerðu hann ríkan og björguðu einnig lífi hans. Arion lenti í höndum sjóræningja, sem vörpuðu honum fyrir borð, en höfrungar sem höfðu heillast af tónlist hans báru hann á bakinu í heimahöfn. Arion er því afar táknríkt nafn og vísar til listfengis, þrautseigju, samvinnu og endurkomu.

Arion banki

**KJÖRKASSINN**




*Hljómar Arion, nýtt nafn Nýja-Kaupþings, vel í þínum eyrum?*

| | |
|---|---|
| Já | 17,3 |
| Nei | 82,9 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Óttast þú áhrif Suðvesturlínu á vatnsból Reykvíkinga?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

vísir

Farþegaferja sökk undan ströndum Indónesíu:

# Mannskætt slys í Indónesíu

**INDÓNESÍA, AP** Ferja sökk undan ströndum Indónesíu í gær en veður var slæmt og öldugangur mikill. Talið er að um 25 manns hafi látið lífið þegar ferjan sökk, þar af tvö börn.

Veður var enn slæmt á slysstað í gær og tafði það björgunaraðgerðir þónokkuð og um tíma var gert hlé á leitinni vegna veðurs. Yfirvöld segja að um 240 farþegum hafi verið bjargað. Enn er óljóst hversu margir farþegar voru um borð í ferjunni þegar hún sökk, en hún rúmaði 270 manns. Ferjuslys sem þetta eru nokkuð tíð í Indónesíu og oft eru farþegar um borð mun fleiri en reglur leyfa auk þess sem viðhaldi á ferjunum er oft ábótavant.

Ferjan var á leið frá Batam til eyjunnar Súmötru í vesturhluta Indónesíu og talið er að hún hafi sokkið um níutíu mínútum eftir að lagt var frá landi. Samkvæmt skipstjóra ferjunnar skall alda á hlið skipsins með þeim afleiðingum að vatn tók að leka um borð og hálftíma síðar var ferjan sokkin. Farþegar sem voru um borð á ferjunni hafa greint frá því að ekki hafi verið nógu mörg björgunarvesti um borð á bátnum fyrir alla farþegana. Óvíst er hvort nokkrir farþegar voru enn um borð í ferjunni þegar hún sökk. **- sm**



**BJARGAÐ** Um 240 farþegum var bjargað eftir að ferja sökk undan ströndum Indónesíu. 25 manns létust. NORDICPHOTOS/AFP

Tölvum stolið:

# Ítrekað brotist inn hjá Bjarti

**INNLENT Brotist var inn í húsnæði bókaútgáfunnar Bjarts aðfaranótt sunnudags, en þar sáust menn bera út verðmæti úr húsnæðinu.**

**„Við verðum trekk í trekk fyrir barðinu á þessum þjófum. Í þetta sinn voru vitni að atburðinum sem gátu gefið lýsingu á bílnum sem þjófarnir óku á brott í þannig að vonandi nær lögreglan að hafa hendur í hári þeirra,“ segir Guðrún Vilmundardóttir, útgáfustjóri hjá Bjarti.**

**Þjófarnir höfðu tvær tölvur á brott með sér og tók það þá ekki nema um fjórar mínútur að athafna sig.** **- sm**


**BAKKABRÆÐUR FYRIR BÖRNIN**




Öllum börnum er nauðsynlegt að kynnast þessum óborganlegu bræðrum sem svo rækilega hafa greypt sig inn í þjóðarvitund Íslendinga.

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is




**BORGARLEIKHÚSIÐ** Góð aðsókn var á sýningar á árinu og reksturinn skilaði afgangi þrátt fyrir lækkað framlag frá Reykjavíkurborg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Segir að svíkja eigi Leikfélagssamning

**Formaður menningarráðs Reykjavíkur hafnar ásökunum fulltrúa Samfylkingarinnar um að svíkja eigi samning um framlag til Leikfélags Reykjavíkur. Leikhússtjórinn segir reksturinn þröngan og leikhúsið mega við litlum niðurskurði.**

**STJÓRNMÁL** „Það stendur til að svíkja samninginn við Borgarleikhúsið,“ segir Dofri Hermannsson, fulltrúi Samfylkingar í menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkur.

Dofri vísar til samnings Leikfélags Reykjavíkur við Reykjavíkurborg um framlag til rekstursins í Borgarleikhúsinu. Í ljósi breyttra aðstæðna var í desember í fyrra gerð breyting á samningum þannig að framlag borgarinnar lækkaði á þessu ári um 50 milljónir frá því sem það ella yrði með verðbótum á árinu 2009. Með breytingunni varð framlagið í ár um 380 milljónir króna. Samningurinn gildir út 2012.

Af umræðum í menningarráði að dæma segir Dofri blasa við að Borgarleikhúsið fái ekki það fé sem um hafi verið samið. Skerðingin verði umtalsverð og komi sér afar illa því að í leikhúsinu hafi verið gerðar áætlanir og aðgangskort seld. Mikið beri á milli þess sem borgin ætli Borgarleikhúsinu og þess sem stjórnendur leikhússins telji að á þurfi að halda.



**DOFRI HERMANNSSON**



**MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON**

Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri í Borgarleikhúsinu, ítrekar að engin tillaga hafi borist um breytingar á samningum við Reykjavíkurborg. „Það er í gildi samningur milli Leikfélagsins og borgarinnar um starfsemina og sá samningur stendur. Það hefur engin tillaga komið um annað,“ segir Magnús sem kveður stöðugt og gott samband milli borgarinnar og leikfélagsins.

Aðspurður segir Magnús erfitt að segja til um hver áhrifin yrðu á leikhúsreksturinn ef umsamið framlag frá borginni skilar sér ekki. „En reksturinn er þröngur þrátt fyrir gott gengi þannig að Borgarleikhúsið má við mjög litlu,“ segir leikhússtjórinn.



**ÁSLAUG FRIÐRIKSDÓTTIR**

Áslaug Friðriksdóttir, formaður menningar- og ferðamálaráðs, kveðst telja ótímabært að ræða þetta mál í fjölmiðlum. Engin ákvörðun hafi verið tekin. Ekki kom í ljós fyrr en 1. desember – þegar meirihlutinn í borgarstjórn hafi lagt fram fjárlagafrumvarp næsta árs – hvaða tillögur verða gerðar í þessum efnum.

„Það vita náttúrlega allir að við erum að hagræða,“ segir Áslaug. „Það er eðlilegt að við skoðum allar glufur og allt sem við getum gert. Það erum við að gera í góðu samráði við þau. Borgarleikhúsið veit hvað við erum að hugsa og er ekkert að kvarta undan því hvernig við erum að vinna þetta.“

Áslaug hafnar því að brjóta eigi samninginn. „Í fyrra var samningnum breytt í samvinnu við leikhúsið – það þurfti ekki að brjóta hann.“ **gar@frettabladid.is**


ÞAKKARGJÖRÐAR KALKÚNN Á HÓTEL CABIN



**Hin rómaða þakkargjörðarveisla Hótel Cabin verður haldin dagana 26. og 27. nóvember.**

Í hádeginu 26. og 27. nóvember
Fimmtudagskvöldið 26. nóvember
og föstudagskvöldið 27. nóvember

Verð einungis: **2.550** kr. í hádeginu
**3.250** kr. á kvöldin

Léttir djasstónar verða leiknir yfir borðhaldi á föstudagskvöldið.

**Borðapantanir í síma 511 6030**

HOTEL CABIN

GuðjónÓ - vistvæna prentsmiðjan


Um tuttugu þúsund skammtar af bóluefni gegn svínaflensu komu um helgina:

# Almenn bólusetning hefst

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 20 þúsund skammtar af bóluefni gegn svínaflensu komu til landsins um helgina. Verður þeim dreift strax til heilsugæslustöðva. Bólusetning almennings ætti því að geta hafist víðast hvar í vikunni, eins og ráð var fyrir gert, að því er segir í frétt frá heilbrigðisyfirvöldum.

Starfsmenn heilsugæslustöðva hafa í eina viku tekið við pöntunum frá almenningi í bólusetningu. Í ljósi tafa á afgreiðslu bóluefnis má ætla að endurskipuleggja þurfi biðlista á sumum heilsugæslustöðvum, að minnsta kosti.

Gert er ráð fyrir að 18 þúsund skammtar af bóluefni til viðbótar berist hingað í lok næstu viku.

Yfir 50 þúsund manns hafa verið bólusettir gegn inflúensunni hér á landi.

Sóttvarnalæknir áætlar að um 60 þúsund manns hafi sýkst af veikinni. Þar með eru samtals yfir 110 þúsund manns orðnir ónæmir fyrir inflúensunni eða þriðjungur þjóðarinnar, það er þeir sem hafa verið bólusettir og þeir sem sýkst hafa.

Inflúensufaraldurinn rénar nú hratt hérlendis, sem ekki síst skýrist af því hve margir hafa verið bólusettir. **- jss**



**BÓLUSETNING** Yfir 50 þúsund manns hafa verið bólusettir hér á landi.

MILLENNIUM ÞRÍLEIKURINN EFTIR STIEG LARSSON TEKUR HEIMINN MEÐ TROMPI

# BIÐIN ER Á ENDA

„Glæpasagnaheimurinn hefur aldrei fyrr þurft að hylla og syrgja í sömu andrá jafn hæfileikaríkan höfund og **Stieg Larsson**,“ sagði stórblaðið Sunday Times og eru það orð að sönnu. Þriðja og síðasta bókin í heimsfrægri **Millennium-trílógíu** Stiegs Larsson er komin út.



Þýðandi: Halla Kjartansdóttir




„Gríðarlega vel skrifaðir og flottir krimmar.“
– Páll Baldvin Baldvinsson, Kiljan janúar 2009

„Maður gæti grátið!“
– Þórarinn Þórarinsson, DV.
Grátið yfir því að bækur Stiegs urðu aðeins þrjár.

„Maður gæti bara hágrátið!“
– Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljan október 2009.
Af sömu ástæðu.

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK




Foreldrafélög og -ráð í borginni mótmæla niðurskurði í leikskólum Reykjavíkur:

# Hafa áhyggjur af börnunum

**MENNTUN** Foreldrar í Reykjavík hafa verulegar áhyggjur af fyrirhuguðum niðurskurði upp á 580 milljónir hjá leikskólum borgarinnar, að sögn Eddu Bjarkar Þórðardóttur sem situr í foreldraráði leikskólans Hamra.

Foreldrafélög og -ráð í borginni ætli að mótmæla fyrirhuguðum niðurskurði í leikskólum borgarinnar og vilja að skorið verði niður annars staðar.

„Þetta hefur þau áhrif að þjónustan skerðist til muna, til dæmis á að skerða afleysingar vegna veikinda kennara um fjórðung, en afleysingin er nú þegar of lítil,“ segir Edda Björk.



**LEIKURINN ÚTI** „Við foreldrar viljum ekki missa það frábæra starfsfólk sem við höfum í leikskólunum, en að óbreyttu mun álagið þar aukast til muna,“ segir Edda Björk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Búið sé að skera svo mikið niður í leikskólunum á árinu að frekari sparnaður komi við grunnþjónustuna. En eitt dæmi um metnaðarleysi hjá borginni sé að tala sífellt um að standa vörð um grunnþjónustu, þegar enginn viti hvað það þýðir.

„Við spurðum að því hvað þetta væri, grunnþjónusta við börnin okkar. En Reykjavíkurborg hefur alls ekki skilgreint hana,“ segir Edda Björk.

Að auki hafi verið skortur á samráði borgar og foreldra, því þótt foreldraráði í hverjum leikskóla beri skylda til að koma upplýsingum um fyrirhugaðar aðgerðir til foreldranna hafi borgin sama sem ekkert upplýst ráðin um ætlanir sínar.

**- kóþ**






**NENGA-STRÍÐSMENN KERODA-ÆTTBÁLKSINS** Árlega er haldin ættbálkahátíð á Papúa Nýju-Gíneu í bænum Mount Hagen og safnast þar þá saman fulltrúar velflestra ættbálkanna. Myndin er frá 46. hátíðinni sem haldin var 18. ágúst 2007. NORDICPHOTOS/AFP

# Náttúruval speglast í mannætum

**Nýtt gen sem fundist hefur í ættbálki á Papúa Nýju-Gíneu er afgerandi dæmi um öra þróun mannsins. Ættbálkurinn var plagaður af heilarýrnunarsjúkdómi vegna mannáts, en hefur myndað þol.**

**PAPÚA NÝJA-GÍNEA** Aflagðir helgisiðir ættbálks á Papúa Nýju-Gíneu tengdir mannáti urðu kveikjan að einhverju greinilegasta dæmi sem þekkt er um hraða þróun mannsins, samkvæmt nýrri uppgötvun vísindamanna. Breska dagblaðið The Times fjallaði fyrir helgi um uppgötvunina.

Um miðja tuttugustu öld var Fore-ættbálkurinn í eystri hálöndum Papúa Nýju-Gíneu hart leikinn af heilarýrnunarsjúkdómnum kuru, sem skyldur er sjúkdómum á borð við Creutzfeldt Jacobs og kúariðu. Sjúkdómurinn smitaðist við helgisiði tengda útförum þar sem étnir voru heilar látinna.

„Þótt látið hafi verið af þessum háttum á sjötta áratug aldarinnar og kuru verið upprættur ber erfðamengi ættbálksins sjúkdómsins merki. Rannsóknir hafa nú leitt í ljós genabreytingu í ættbálknum sem ekki finnst annars staðar og ver þá sem bera breytta genið fyrir heilarýrnunarsjúkdómum. Breytta genið hefur dreifst hratt um ættbálkinn með náttúruvali,“ segir í Times.

Þeir sem bera breytta genið hafa nær algjöra vörn gegn kuru og nutu því forskots og eignuðust fleiri afkomendur. Fram kemur að um átta prósent þeirra sem búa í grennd við Purosa-dal beri genið, en það þekkist hvergi annars staðar í heiminum.

Uppgötvunin er sögð sýna fram á hversu hratt mannskepnan geti brugðist við breyttum umhverfisþáttum. Simon Mead er vísindamaðurinn sem fór fyrir rannsóknarhópi, frá University College í Lundúnum, sem gerði uppgötvunina. Niðurstöðurnar voru nýverið birtar í læknaritinu New England Journal of Medicine.

Haft er eftir prófessor John Collinge, framkvæmdastjóra rannsókna sem snúa að príon-prótínbútum þeim sem taldir eru orsök heilarýrnunarsjúkdóma af þessari tegund, að stórkostlegt sé að sjá þarna að verki lögmál þau sem Charles Darwin hafi lýst fyrir 150 árum. „Þarna er samfélag sem þróað hefur með sér sín eigin og einstök líffræðilegt viðbrögð við sannarlega hroðalegum sjúkdómi,“ segir hann.

Rannsóknin er einnig sögð mikilvæg vegna þess hve mikilvæg hún sé í að upplýsa virkni príonprótínbútanna sem valda Creutzfeldt-Jakobs, en það er sú birtingarmynd kúariðu sem leggst á fólk.

„Uppgötvunin verður ekki til þess að á morgun verði hægt að framleiða lyf, en hún eykur bakgrunnsskilning okkar á virkni príon-sjúkdóma og hvernig koma megi í veg fyrir þá,“ segir Dr. Simon Mead.

Kuru kom fram snemma á 20. öld en hvarf á sjötta áratugnum þegar áhrif trúboða urðu til þess að mannátshelgisiðir lögðust af.

**olikr@frettabladid.is**



SÓL | BORGIR | ÆVINTÝRI | SKÍÐI | GOLF | ÍÞRÓTTIR




2. TIL 20. DESEMBER

## TENERIFE

**18 dagar**

VERÐ FRÁ:

**89.900 kr.***

Tenerife er sú stærsta af Kanaríeyjunum og sker sig úr fyrir einstakt náttúrufar og veðursæld, hreinleika og góðan aðbúnað.

Í suðurhlutanum þar sem við erum með okkar gististaði, skín sólin nánast alla daga ársins og þar er vinsælast að vera. Meðalhiti er 20-22°C en á svalari dögum fer hitinn sjaldan undir 15°C.

Í boði er fjölbreytt úrval skoðunarferða fyrir þá sem það vilja, og hægt er að velja milli margra mismunandi hótela.

28. NÓV TIL 20. DESEMBER

## KANARÍ

**22 dagar**

VERÐ FRÁ:

**119.900 kr.***

Íslendingar sækja til Kanarí allan veturinn og hefur eyjan verið vinsælasti vetraráfangastaður Íslendinga undanfarna áratugi.

Flestir fara aftur og aftur enda erfitt að finna betri stað fyrir vetrarfríið — góð blanda af veðri, mannlífi og afslöppun.

Sem fyrr býður Úrval Útsýn fjölbreytt úrval góðra gististaða, allt frá einföldum íbúðum og smáhýsum upp í glæsileg hótel.

MEIRA Á
**urvalutsyn.is**

ÚRVAL·ÚTSÝN

MasterCard VISA

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr.

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000






Bókasafnsfræðingar harma að nemar hafi ekki aðgang að rafrænum ritum:

# Bækurnar kosta tvær milljónir

**MENNTUN** Almennum aðgangi menntaskólanema að vefbókum Forlagsins, sem Snara.is heldur úti, hefur verið lokað.

Vegna þessa sendi samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum bréf til menntamálaráðherra á fimmtudag og lýsti yfir þungum áhyggjum af því að menntaskólanemendur hefðu ekki lengur aðgang að þessum orðabókum og uppflettiritum.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir að í ráðuneytinu hafi á sínum tíma verið ákveðið að hver og einn skóli myndi gera upp við sig hvort hann keypti aðgang og greiddi fyrir hann.

„Mér skilst að ársaðgangur kosti um tvær milljónir króna á ári," segir hún. Hins vegar standi til að endurskoða stefnu ráðuneytisins í námsgagnamálum. Þá verði þetta mál skoðað.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR** Menntamálaráðherra segir að brátt verði skoðað hvort ráðuneytið greiði fyrir aðgang allra skóla að rafrænum uppflettiritum Forlagsins eða ekki.

Bókasafnsfræðingarnir segja nemendur hafa átt gott með að tileinka sér vefbækurnar og þeir vilji ekki breyta vinnubrögðum sínum. Þá nýti kennarar þær til að gera verkefni. Skorað er á ráðuneytið að bregðast við þessu.

Árið 2007 greiddi Kaupþing Eddu útgáfu fyrir aðgang nemanna að bókunum. Nú á Forlagið útgáfuréttinn og hlut í vefbókasafninu Snöru.is.

Þess má geta að erlendis eru orðabækur víða aðgengilegar á netinu, gjarnan reknar af opinberum stofnunum. **- kóþ**

Þröng staða hins opinbera kann að auka áherslu á rafræna stjórnsýslu:

# Niðurskurður mestur hérlendis

**STJÓRNSÝSLA** Áhersla kann að aukast á rafræna stjórnsýslu vegna áhrifa frá efnahagskreppunni, segir í nýrri úttekt Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD.

„Þrýstingur á opinber útgjöld í kjölfar efnahagskrísunnar rekur ríkisstjórnir til að endurmeta nálgun sína hvað varðar opinbera þjónustu á netinu sem hluta af viðleitni stjórnvalda til að auka afköst," segir í tilkynningu OECD.

Fram kemur að mörg aðildarríkja samtakanna noti nú tækifærið í kreppunni til að skerpa á áherslum og hraða áætlunum sem snúa að rafrænni stjórnsýslu. Flest lönd haldi þó óbreyttum útgjöldum.

Þýskaland, Japan, Holland, Sviss og Bandaríkin hafa aukið útgjöld í málaflokknum. „Austurríki, Ungverjaland, Ísland og Bretland draga úr útgjöldum tengdum rafrænni stjórnsýslu árið 2009 og stefna á frekara aðhald," segir í tilkynningu OECD, en fram kemur að hér á landi hafi niðurskurðurinn verið einna mestur. Á þessu ári hafi fjárheimildir tengdar rafrænni stjórnsýslu verið skornar niður um 16,5 prósent og viðbúinn sé 18 prósenta niðurskurður til viðbótar árið 2010.

Kreppan er einnig sögð stuðla að breyttum áherslum ríkja í málaflokknum. „Bandaríkin nota til dæmis tækni og internetið til að auðvelda fólki að sjá á sem gleggstan og fljótlegastan máta hvernig skattpeningar þess eru notaðir í tengslum við aðstoð ríkisins við fjármálageirann." **- óká**



**Í TÖLVUNNI HEIMA** Rafræn stjórnsýsla er sögð auka afköst hjá hinu opinbera og auðvelda samskipti við almenning. Þá nota sum ríki tækifærið og auka gagnsæi stjórnsýslunnar. NORDICPHOTOS/AFP



Slökkviliðsstjórinn heimsótti krakkana í Ísaksskóla með fróðleik og græjusýningu:

# Spreyttu sig á háþrýstisprautu

**ÖRYGGISMÁL** Það hljóp heldur betur á snærið hjá krökkunum í þriðja bekk Ísaksskóla þegar slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins kom með fríðu föruneyti og kynnti þeim eldvarnir.

Heimsóknin er hluti eldvarnaátaks Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna í grunnskólum. Með sér höfðu slökkviliðsmennirnir tvo sjúkrabíla og slökkviliðsbíl sem krakkarnir fengu að skoða. Börnin fengu líka bók með sögunni af Loga og Glóð og Brennu-Vargi. Hápunkturinn var svo þegar allir fengu að prófa háþrýstibúnaðinn og sprautuðu vatni vítt og breitt um skólalóðina. - gar



**FJÖR** Krakkarnir í þriðja bekk Ísaksskóla skemmtu sér konunglega í gær með því að prófa búnað slökkviliðs höfuðborgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hillary Clinton ætlar að láta Hamid Karzai standa við stóru orðin:

# Leyfir honum að njóta vafans

**AFGANISTAN, AP** Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir að Hamid Karzai verði að standa við stóru orðin, nú þegar hann hefur annað kjörtímabil sitt í embætti forseta Afganistans.

Hamid Karzai lofaði bót og betrun þegar hann tók formlega við embættinu á fimmtudag. Hann hét því að sækja spillta embættismenn til saka og sjá til þess að þeim yrði ekki hlíft við refsingu lengur.

Clinton hefur, eins og fleiri ráðamenn á Vesturlöndum, harðlega gagnrýnt Karzai og ríkisstjórn hans fyrir aðgerðaleysi gagnvart spillingu, sem er útbreidd meðal valdastéttar landsins.

Hún virtist þó ætla að leyfa honum að njóta vafans um sinn, en lofar að Bandaríkin og alþjóðasamfélagið muni beita hann þrýstingi.

„Það er erfitt verkefni að vera forseti og við munum gera okkar besta til þess að sinna því af heilindum í framtíðinni,“ sagði Karzai í innsetningarræðu sinni á fimmtudag.

Í ræðu sinni lýsti hann áhuga sínum á að verða sameiningarafl allra Afgana og ítrekaði boð sitt til mótframbjóðenda sinna um ráðherraembætti í nýrri ríkisstjórn.

Forsetakosningarnar í sumar hafa verið harðlega gagnrýndar fyrir kosningasvik, ekki síst af hálfu stuðningsmanna Karzais í suðurhluta landsins. - gb



**HAMID KARZAI** Segist nú ætla að taka til óspilltra málanna við að útrýma spillingu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


KONUR Í PRÓFKJÖR! XD SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

# Hvað þarf til að ná árangri í prófkjöri?

Fimmtudaginn 26. nóvember heldur **Hvöt**, félag sjálfstæðiskvenna í Reykjavík, opinn fund fyrir konur sem hafa hug á að fara í prófkjörsbaráttu eða vinna við slíka. Reynsluboltar miðla af þekkingu sinni, farið verður yfir öll helstu mál sem snúa að prófkjörsbaráttunni og ýmis góð ráð gefin.

## Dagskrá

**A-Ö um prófkjör:**
Sigríður Hallgrímsdóttir og Jarþrúður Ásmundsdóttir, vanir kosningastjórar

**Reynslusaga frambjóðandans:**
Erla Ósk Ásgeirsdóttir, markaðssérfræðingur og varaþingmaður í Reykjavík

**Herfræði og tölfræði í prófkjörum:**
Pawel Bartoszek

**Fundarstjóri**
Áslaug Friðriksdóttir, formaður Hvatar

**Fimmtudaginn 26. nóvember kl. 18-20 í Valhöll**

**Allar konur velkomnar!**





# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kosningar til stjórnlagaþings:

## Frestur er bestur

**STEFÁN PÁLSSON**

Eitt fjölmargra metnaðarfullra mála ríkisstjórnarinnar er stofnun sérstaks stjórnlagaþings. Slík stofnun hefði það að markmiði að endurskoða stjórnarskrá Íslands í veigamiklum atriðum og felur hugmyndin í sér viðurkenningu á þeirri óþægilegu staðreynd að Alþingi hefur á liðnum árum og áratugum reynst ófært um að koma sér saman um ýmsar mikilvægar breytingar. Ekki má samt gera of lítið úr því sem þó hefur áunnist, til dæmis hefur mannréttindakafli stjórnarskrárinnar verið rækilega endurskoðaður með ágætum árangri.

Rætt hafði verið um að afgreiða lög um stjórnlagaþing á þessum vetri, svo unnt væri að kjósa til þess samhliða sveitarstjórnarkosningum næsta vor. Nú virðist hins vegar æ líklegra að málið frestist þannig að kosið verði til þingsins á árinu 2011 og störfum þess ljúki ári síðar. Ætla má að sparnaðarsjónarmið ráði nokkru um þessa frestun, enda ljóst að eigi stjórnlagaþing að standa undir nafni mun starfsemi þess kosta talsverðar fjárhæðir. Þá er ljóst að talsvert vantar upp á að frumvarpið um stofnun þingsins teljist fullburða og fjarri því að um það ríki sú pólítíska sátt sem æskilegt verður að telja.

Hætt er við að sumir þeirra sem bundið hafa miklar vonir við starfsemi stjórnlagaþings og niðurstöður þess, telji sig svikna með slíkri frestun. Á hinn bóginn mætti líta svo á að frestunin verði til að styrkja verkefnið og auka líkurnar á jákvæðri útkomu.

Helstu rökin fyrir því að kjósa til stjórnlagaþings um leið og sveitarstjórna snérust um sparnað vegna framkvæmdar kosninga, með samnýtingu kjördeilda og talningarfólks. Gallinn við þá tilhögun væri hins vegar sá að stjórnlagaþingskosningin myndi nær örugglega falla í skuggann. Reynslan af sveitarstjórnarkosningum síðustu ára er sú að á lokasprettinum vill umfjöllun fjölmiðla hverfast um persónur oddvita flokkanna í stærstu bæjum, blandað saman við síbylju skoðanakannana þar sem reynt er mæla fylgissveiflur frá degi til dags.

Hið yfirlýsta markmið frumvarpsins um stjórnlagaþing, eins og kemur fram í greinargerð þess, er að í kosningunum takist á einstaklingar með þekkingu og áhuga á stjórnskipunarmálum. Skýrt kemur fram að ekki er ætlast til þess að frambjóðendur ráðist í dýra kosningarbaráttu til að vekja athygli á sér og stefnumálum sínum. Hvaða möguleika eiga slíkir frambjóðendur á að ná eyrum fólks á sama tíma og allir stjórnmálaflokkar keyra kosningavélar sínar og láta áróðurinn dynja á almenningi?

Að sumu leyti má segja að það sem er mest spennandi við hugmyndina um stjórnlagaþing sé einmitt kosningabaráttan, þar sem pólitísk umræða í þjóðfélaginu myndi í fáeinar vikur snúast nær einvörðungu um málefni stjórnarskrárinnar. Stjórnmálalífið í landinu hefði gott af því að fara í slíka rýni og mögulega verður sú umræða frjórri en starfsemi sjálfs stjórnlagaþingsins. Það mun ekki nást á sama tíma og allir umræðuþættir snúast um lyklavöld í Ráðhúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Söm við sig

Hafi einhver haldið að Samfylkingin væri orðin væn og græn er hætt við að hinum sama hafi brugðið við að hlýða á ræðu Jóhönnu Sigurðardóttur á flokksstjórnarfundi í Reykjanesbæ á laugardag. Hún var ekkert að tvínóna við hlutina heldur skellti sér beint í stóriðjumál og virkjanir. Helguvík, Straumsvík, Búðarhálsvirkjun, Hellisheiðarvirkjun og Hverahlíðarvirkjun; allt er að fara í fullan gang með tilheyrandi umsvifum og störfum. Hjá Samfylkingunni er álið ennþá málið. Varla líst samstarfsfólkinu í VG vel á þessa sýn Jóhönnu en það getur kannski harla lítið sagt enda hefur það verið heldur latt við að leggja fram tillögur um atvinnuuppbyggingu.



### Ha?

**Stigahæstir hjá ÍR:** Steinar Arason 18, Hreggviður Magnússon 16 (11 fráköst).
Fjölnir-Hamar 87-79 (39-44)
**Stigahæstir hjá Fjölni:** Christopher Smith 26, Tómas Heiðar Tómasson 22.
**Stigahæstir hjá Hamri:** Marvin Valdimarsson 32, Andre Dabney 15.

# Defoe skoraði fimm mörk

**Chelsea og Manchester United unnu sannfærandi sigra í ensku úrvalsdeildinni um helgina á meðan Arsenal tapaði fremur óvænt og Liverpool gerði jafntefli. Tottenham með Jermain Defoe í fararbroddi stal hins vegar senunni í gær.**



**FIMM MÖRK** Framherjinn Jermain Defoe hjá Tottenham stal senunni í ensku úrvalsdeildinni um helgina þegar hann skoraði fimm mörk í 9-1 stórsigri Tottenham gegn Wigan á White Hart Lane. NORDIC PHOTOS/AFP

**FÓTBOLTI** Það gekk misjafnlega vel hjá „stóru fjórum" liðunum í ensku úrvalsdeildinni um helgina og hreinlega spurning hvort hugtakið sé ekki úr sér gengið. Tottenham skaust hins vegar í fjórða sæti deildarinnar með 9-1 sigri gegn Wigan.

Chelsea svo gott sem afgreiddi nýliða Wolves á fyrstu rúmu tuttugu mínútunum á Brúnni þegar heimamenn skoruðu þrjú mörk. Florent Malouda kom Chelsea á bragðið og svo fylgdu í kjölfarið tvö mörk frá Michael Essien. Joe Cole innsiglaði svo 4-0 sigur Chelsea með marki snemma í síðari hálfleik og knattspyrnustjórinn Carlo Ancelotti var í skýjunum enda án margra lykilmanna í leiknum.

„Þetta var mjög þægilegur sigur og það er ánægjulegt þegar liðið spilar með þessum hætti. Við sýndum enn fremur að við erum með gríðarlega sterkan leikmannahóp og marga unga og efnilega leikmenn sem bíða á hliðarlínunni," sagði Ancelotti.

Darren Fletcher opnaði markareikninginn fyrir Manchester United gegn Everton á Old Trafford á 35. mínútu með sannkölluðum þrumufleyg sem fór efst í markhornið. Michael Carrick og Antonio Valencia bættu svo við mörkum í síðari hálfleik og niðurstaðan var öruggur 3-0 sigur. Sir Alex Ferguson spáir tveggja hesta kapphlaupi um titilinn á þessu keppnistímabili og telur United í stakk búið fyrir þá baráttu.

„Reynsla mín segir mér að fljótlega muni tímabilið snúast upp í baráttu tveggja liða á toppnum. Ég er jafnframt sannfærður um það að ef við náum að vera nálægt Chelsea um áramótin þá munum við eiga góða möguleika á að verja titilinn," sagði Ferguson.

Arsenal lenti í tómu basli með að brjóta á bak aftur þéttan varnarmúr Sunderland á leikvangi Ljóssins. Darren Bent skoraði fyrir Sunderland um miðjan síðari hálfleik og reyndist það vera sigurmark leiksins. Þetta var fyrsti sigur Sunderland gegn Arsenal í tólf viðureignum.

Þá gerðu Liverpool og Manchester City 2-2 jafntefli á Anfield en úrslitin hagnast hvorugu liðinu í toppbaráttunni. Þetta var sjötta jafntefli City í röð í deildinni en Liverpool hefur nú aðeins unnið einn leik af síðustu tíu í öllum keppnum sem telst vart mönnum bjóðandi á þeim bænum.

Tottenham nýtti sér jafntefli Liverpool og City til þess að styrkja stöðu sína í baráttunni um Meistaradeildarsæti með ótrúlegum 9-1 sigri gegn Wigan á White Hart Lane en staðan var 1-0 fyrir Tottenham í hálfleik. Framherjinn Jermain Defoe fór fyrir sóknarlínu Tottenham og skoraði fimm mörk í leiknum.

omar@frettabladid.is



**ÖFLUGUR** Haukamaðurinn Sigurbergur Sveinsson átti góðan leik gegn Gróttu í gær.

N1-deild karla í handbolta:

## Haukar unnu sigur á Gróttu

**HANDBOLTI** Íslandsmeistarar Hauka unnu 31-24 sigur gegn Gróttu í N1-deild karla í handbolta að Ásvöllum í gær en staðan í hálfleik var 13-11. Haukar sýndu styrk sinn og breidd í síðari hálfleiknum og sigldu öruggum sigri í höfn.

Sigurbergur Sveinsson var markahæstur hjá Haukum með 8 mörk en gamli Haukamaðurinn Jón Karl Björnsson skoraði 8 mörk fyrir Gróttu. - óþ

Spenna í spænsku deildinni:

## Real Madrid komið á toppinn

**FÓTBOLTI Naumur 1-0 sigur Real Madrid gegn Racing Santander nægði liðinu til þess að hirða toppsætið af erkifjendum sínum í Barcelona sem gerðu aðeins 1-1 jafntefli gegn Athletic Bilbao.**

**Gonzalo Higuain var enn og aftur á skotskónum fyrir Real Madrid og skoraði eina mark leiksins gegn Racing Santander um miðjan fyrri hálfleik. Dani Alves kom Barcelona yfir gegn Athletic Bilbao en Gaizka Pinedo jafnaði leikinn og þar við sat. Til að bæta gráu ofan á svart fyrir Barcelona þá meiddist Lionel Messi og óvíst er hvort hann verður klár í slaginn um næstu helgi þegar Barcelona og Real Madrid mætast í hinum svokallaða „El Clásico" leik.** - óþ

Frábæru Íslandsmeistaramóti í sundi í 25 metra laug lauk í gærdag og árangurinn lét ekki á sér standa:

# Þrettán Íslandsmet á fjórum dögum

**SUND** Fjórða og síðasta keppnisdegi á Íslandsmeistaramótinu í sundi í 25 metra laug lauk í Laugardalslaug í gær. Alls litu þrettán Íslandsmet dagsins ljós á keppnisdögunum fjórum en þar af voru sett ellefu einstaklingsmet og tvö boðsundsmet.

Strax á fyrstu tveimur keppnisdögunum á fimmtudag og föstudag varð ljóst í hvað stefndi þar sem Íslandsmetin byrjuðu að falla hvert af öðru. Metregnið hélt áfram um helgina og Bryndís Rún Hansen, Óðni, var fyrst á blað á laugardagsmorgun þegar hún setti Íslandsmet í 50 metra flugsundi. Hrafnhildur Lúthersdóttir, SH, bætti svo í sarpinn með Íslandsmeti í 100 metra bringusundi og Jakob Jóhann Sveinsson, Ægi, setti einnig Íslandsmet í



**FRÁBÆR** Jakob Jóhann Sveinsson úr Ægi fór á kostum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

100 metra bringusundi. Jakob Jóhann hafði sett Íslandsmet í 200 metra bringusundi á föstudaginn og hann fullkomnaði svo „þrennuna" með Íslandsmeti í 50 metra bringusundi í gær og var eðlilega sáttur við árangur sinn á mótinu.

„Ég var búinn að stefna á að bæta mig á þessu móti þar sem ég ætla ekki á Evrópumótið í 25 metra laug. Það var því stefnan að toppa á þessu móti og fara svo að einbeita sér að næsta sumri og það gekk bara ágætlega eftir. Ég og þjálfarinn minn settum upp markmið í ágúst og við höfum nú náð þeim öllum og nú verðum við bara að setjast niður og fara yfir hlutina aftur," segir Jakob Jóhann ákveðinn.

Erla Dögg Haraldsdóttir fór einnig mikinn á mótinu en í gær setti hún Íslandsmet í bæði 200 metra fjórsundi og 50 metra bringusundi. Þá setti Árni Már Árnason Íslandsmet í 50 metra skriðsundi í gær og Sigrún Brá Sverrisdóttir setti þá met í 400 metra skriðsundi. Frábæru Íslandsmeistaramóti lauk svo með Íslandsmeti kvennaboðsundssveitar Ægis í 400x100 metra skriðsundi. Auk Íslandsmetanna þrettán féllu tuttugu og sex aldursflokkamet á Íslandsmeistaramótinu og því ljóst að framtíðin er björt í sundinu. - óþ

# Mezzoforte til Suður-Afríku

Hljómsveitinni Mezzoforte hefur verið boðið að spila á djasshátíð í Höfðaborg í Suður-Afríku næsta vor. Þetta verður í fyrsta sinn sem sveitin spilar í heimsálfunni. „Okkur bauðst að fara til Suður-Afríku árið 1984 en þá var það ekki pólitískt rétt að fara þangað. Þá var aðskilnaðarstefnan í gangi og það fór enginn til Suður-Afríku. Það verður gaman að koma þangað,“ segir hljómborðsleikarinn Eyþór Gunnarsson. Hann segist ekki vita hvort Mezzoforte eigi stóran aðdáendahóp í landinu. „Við eigum aðdáendahópa mjög víða í heiminum en ég veit ekki hvernig það er í Suður-Afríku.“

Eftir að tónleikarnir þar í landi verða afstaðnir í apríl á Mezzoforte aðeins eftir að spila í einni heimsálfu til viðbótar, Ameríku. Þangað hefur hljómsveitin aldrei reynt að komast að neinu ráði. „Við vitum að það er ekkert auðvelt að komast inn á þann markað. Menn þurfa að leggja á sig grunnfórnarvinnu til að brjótast þar inn,“ segir Eyþór.



**MEZZOFORTE** Hljómsveitinni Mezzoforte hefur verið boðið að spila í Suður-Afríku í fyrsta sinn.

„Þegar leikurinn stóð sem hæst hjá okkur var nóg að gera annars staðar en það væri gaman að fá að spila þar einhvern tímann ef tækifærið gefst.“

Eyþór var á leiðinni til Búdapest í Ungverjalandi ásamt félögum sínum þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Þar spilar Mezzoforte annað kvöld. Á mánudaginn spilar sveitin síðan í Rúmeníu og á miðvikudag í Búlgaríu. „Við skreppum alltaf af og til. Þetta hefur gengið mjög vel.“

**- fb**

Tónlist ★★★★

**La ballade of Lady & Bird**

Lady & Bird

## Vel heppnuð spariplata

La ballade of Lady & Bird hefur að geyma upptökur sem RÚV gerði af tónleikum þeirra Barða Jóhannssonar og Kerenar Ann Zeidel með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói á Listahátíð 5. júní í fyrra. Tónleikarnir þóttu takast frábærlega, en til að ná fullnægjandi hljómi út úr upptökunum var mikið lagt í eftirvinnsluna – hljóðblöndun og masteringu. Og útkoman er frábær.



Það er misjafnt hvernig til tekst þegar popparar leggja lag sitt við Sinfóníuna, en útsetningar Þorvaldar Bjarna Þorvaldssonar hér eru alveg að virka. Lögin, sem eru bæði af plötum Bang Gang og Kerenar og svo eitt af fyrri plötunni þeirra sem Lady & Bird, eru sett í sparifötin og bera þau vel. Það er ekkert verið að þenja Melabandið að óþörfu, oft eru útsetningarnar lágstemmdar, en svo koma sterkir kaflar inn á milli. Mjög smekklegt og vel gert. Kórinn kemur svo með nýja vídd í verkið í lokalaginu Run in the Morning Sun.

Að lokum vil ég geta þess að þessi tónlist nýtur sín best í alvöru græjum. Ég heyrði hana fyrst af MP3-skrám í tölvunni og einhvern veginn var hún ekki alveg að virka þannig. Á miklum styrk í góðum græjum fá lögin hins vegar fulla reisn, maður skynjar dýptina og blæbrigðin fá að njóta sín.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Samfundir Barða Jóhannssonar, Kerenar Ann og Sinfóníunnar í fyrra tókust vel eins og heyra má á þessari frábæru plötu.

# Góð ráð Trumps



**GEFUR RÁÐ** Donald Trump gaf fyrrum fegurðardrottningu undarleg ráð.

**Fyrrverandi fegurðardrottningin Carrie Prejean missti titil sinn eftir að hafa látið umdeild orð falla um hjónaband samkynhneigðra. Fyrir stuttu var gert opinbert kynlífsmyndband með stúlkunni og nú hafa sjö til viðbótar komið upp á yfirborðið. Prejean á að hafa hringt ítrekað í Donald Trump, sem á fegurðarsamkeppnina, og beðið hann um ráð. Trump á að hafa tekið þessu nokkuð létt og ráðlagði stúlkunni að gerast klámstjarna, stórgræða og gefa svo peninginn til góðgerðamála. Prejean er að eigin sögn mjög strangtrúuð og sagði fyrir stuttu síðan að það stæði ekkert í Biblíunni um brjóstastækkanir og því hafi henni þótt í lagi að gangast undir þess háttar aðgerð.**


NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 7 og 10(Power) | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 8 og 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN | kl. 6 - Ísl. tal | L |
| JÓHANNES | kl. 6, 8 og 10 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | 7 |
| CHRISTMAS CAROL Ensku. Tali | kl. 8(3D) - 10:10(3D) Ótextuð | 7 |
| CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| PANDORUM | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| HORSEMEN | kl. 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| MORE THAN A GAME | kl. 5:50 | 7 |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | 7 |
| CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) - 8(3D) - 10:10(3D) Ótextuð | 7 |
| PANDORUM | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MY LIFE IN RUINS | kl. 5:50 - 8 | L |
| LAW ABIDING CITIZEN sýnd á morgun | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 6 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 7 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| HORSEMEN | kl. 8 | 16 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| LOVE HAPPENS | kl. 8 - 10.30 | L |
| 2012 | kl. 4.45 - 8 - 10.30 | 10 |
| 2012 LÚXUS | kl. 4.45 - 8 | 10 |
| DESEMBER | kl. 8 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 8 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 10 | 16 |
| | | T |
| | | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| A SERIOUS MAN | kl. 8 - 10.20 | 10 |
| 2012 | kl. 5.45 | 10 |
| DESEMBER | kl. 6 - 8 | L |
| JÓHANNES | kl. 6 - 10 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 SÍÐUSTU SÝNINGAR | |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 6 - 9 | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 8 - 10 | 16 |
| JÓHANNES | kl. 6 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| LOVE HAPPENS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| 2012 | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| ZOMBIELAND | kl. 6 8 - 10 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

Lagersala Veiðihornsins
Ármúla 18
Opið frá 12 til 18 í fáeina daga
Flottasta dótið klárast fyrst!

# Winehouse lekur



AMY WINEHOUSE Nýju brjóstin byrjuðu að leka á dögunum.

Mitch, pabbi Amy Winehouse, hefur uppljóstrað ástæðunni fyrir því að dóttir hans var lögð inn á spítala í síðustu viku. Fjölmiðlum var sagt að hún hefði veikst eftir að hafa tekið kvefmeðal, en Mitch sagði sannleikann í sjónvarpsviðtali í vikunni.

„Hún var ekki lögð inn út af kvefi,“ sagði hann. „Það er allt í lagi með hana.“ Hann benti svo á bringuna á sér og sagði: „Hún lenti bara í smá leka, eða eitthvað svoleiðis.“

Winehouse lét nýlega stækka á sér brjóstin og hefur ekki verið feimin við að sýna þau á götum Lundúna, ljósmyndurum sem elta hana á röndum til mikillar gleði.

Winehouse er þó hvergi af baki dottin hvað lýtaaðgerðir varðar þótt nýjasta viðbótin hafi klikkað eitt augnablik. Breskir fjölmiðlar telja sig nefnilega hafa heimildir fyrir því að Winehouse vilji ólm láta laga á sér nefið, sem hefur verið eitt hennar helsta auðkennismerki. Hvort Winehouse hafi nú ánetjast fegrunaraðgerðum eins og margar stjörnur skal hins vegar ósagt látið.

# Sólóplata hjá Liam



Liam Gallagher, fyrrverandi söngvari Oasis, ætlar að taka upp sína fyrstu sólóplötu á næsta ári. Hann hefur að undanförnu gert prufuupptökur með fyrrum félögum sínum í Oasis, Gem Archer, Andy Bell og Zak Starkey og segist vera handviss um að þær séu betri en allt sem Oasis hefur gert. „Eftir jól förum við kannski í hljóðver og tökum þetta upp og vonandi kemur platan út í júlí,“ sagði Liam. Hann segist enn hugsa til bróður síns og er leiður yfir því að Oasis hætti störfum. „Mér þykir vænt um hann en okkur kemur illa saman. Við hittumst aldrei þegar við vorum ekki á tónleikaferð. Samband okkar var ekki traust en okkur fannst Oasis samt vera frábær hljómsveit.“

LIAM GALLAGHER Fyrsta sólóplata Liams er væntanleg á næsta ári.







10 1999 2009 ÁRA

ÖRUGGARI STAÐUR FYRIR PENINGANA ÞÍNA

Hversu stór hluti af þínum sparnaði er í ríkistryggðum bréfum? Við bjóðum þér einfalda leið til að tryggja fjármunina þína með kaupum í Ríkisskuldabréfasjóði MP.




Eignasamsetning Ríkisskuldabréfasjóðs MP 31.10.2009

**Samanburður ávöxtunar sl. 6 mánuði**
1.000.000 kr. frá 11.5.09-11.11.09




**Ávöxtun Ríkisskuldabréfasjóðs MP á ársgrundvelli 31.10.2009**

| | |
|---|---|
| 1 mánuður | 27,4% |
| 3 mánuðir | 21,9% |
| 6 mánuðir | 17,8% |
| Frá stofnun* | 8,7% |

* Stofnun 20.11.2008

Kynntu þér Ríkisskuldabréfasjóð MP á www.mp.is, í síma 540 3200 eða hjá viðskiptastjórum í Skipholti 50d eða Borgartúni 26.

MP Sjóðir hf. hefur útvistað hluta af verkefnum sínum til MP Banka hf. á grundvelli 18. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. MP Sjóðir hf. er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða skv. 7. tölul. og b-lið 6. tölul. 1. mgr. 3.gr. og 1.-3. tölul. 1.mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Starfsleyfið tekur til reksturs verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 7. tölul. 1.mgr. 3.gr. laga nr. 161/2002 og til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu og stjórnunar fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu skv. 1.-3. tölul. 27. gr. laga nr. 161/2002. Nánari upplýsingar um verðbréfasjóði og fagfjárfestasjóði MP Sjóða hf. má finna á *www.mp.is/mp-sjodir*. **Vinsamlega hafið í huga að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.**

MP BANKI

**Borgartúni 26 Skipholti 50d**
**thjonusta@mp.is www.mp.is**

## > Alfred Molina

„Það versta sem leikari getur gert er að vinna við eitthvað sem honum finnst ekki virðingarvert. Þá getur hann ekki skilað trúverðugum leik og það kemur sér illa fyrir alla aðila.“

***Molina fer með eitt aðalhlutverkið í myndinni The Hoax sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld kl. 20.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KLEMENS ÓLAFUR MISSTI AF SILFRI EGILS ENN EINA FERÐINA

# *Umræður eru ekki síður eyrna en augna …*

Það er góð þjónusta að mega hlusta á fréttatíma Stöðvar tvö og RÚV um kvöldmatarleytið. Sjónvarpsstöðvarnar gera sér grein fyrir því að fæstir eru með sjónvarp í eldhúsinu og Stöð tvö sendir því sjónvarpstíðindin út á Bylgjunni klukkan hálf-sjö. Að þeim loknum má skipta yfir á Rás tvö til að heyra sjónvarpsfréttir RÚV.

Því miður, eða kannski sem betur fer, er það svo að myndefnið í íslenskum fréttatímum er sjaldnast sérstaklega æsandi. Fréttamaður les fréttina og á meðan er slegið upp myndum af skrifstofum, bílastæðum og gluggum húsa, sem á einhvern hátt tengjast fréttinni. Oft birtast viðmælendur, en sjálf birtingin er ekki nauðsynleg til að fá botn í fréttina. Það breytir til dæmis litlu um boðskap Bjarna Ben, hvort hann er með hárið hálf- eða rennandi gelað. Hvort hann er í teinóttum jakkafötum eða ekki. Sama má segja um hina stjórnmálamennina og viðmælendur yfirleitt.



Talandi hausar eru sjaldnast sérstaklega litríkir eða sexí til áhorfs.

En það eru fleiri staðir en eldhúsið sem virka betur fyrir útvarp en sjónvarp. Og fleiri sjónvarpsútsendingar en fréttir sem missa ekki mikið þótt myndrásina vanti.

Á hverju virku kvöldi er einhver grillaður í Kastljósinu uppúr hálf-átta og þeir sem ekki láta fallast á rassinn fyrir framan sjónvarpið á þeim tíma verða að gera sér að góðu að missa af því. Hvern sunnudag er rifist í Silfri Egils og rætt við merkismenn eftir klukkan hálf-eitt. Í þessum oft mikilvægu þáttum einskorðast myndefnið gjarnan við talandi hausa líka.

Mætir stjórnendur RÚV mættu endilega koma til móts við þá sem ekki hafa tíma, getu eða nennu til að festa sig fyrir framan sjónvarpið. Þetta væri sparnaður í dagskrárgerð Rásar tvö um leið: Í útvarpið með Kastljós og Silfur Egils og álíka útsendingar.

## MÁNUDAGUR



▶ 17.30 E.R. STÖÐ 2 EXTRA



▶ 20.00 The Hoax STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 20.30 Glee STÖÐ 2



▶ 21.15 Glæpahneigð SJÓNVARPIÐ



▶ 21.40 CSI: New York SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Sammi** (49:52)
**17.37 Pálína** (11:28)
**17.42 Stjarnan hennar Láru** (6:22)
**17.55 Útsvar** (Akranes - Fjallabyggð) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 1929 - Hrunið mikla** (1929: The Great Crash) Bresk heimildarmynd um hrunið mikla á Wall Street 1929.
▶**21.15 Glæpahneigð** (61:65) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hafa þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Meðal leikenda eru Joe Mantegna, Thomas Gibson og Shemar Moore.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Trúður** (Klovn V) (8:10) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.50 Framtíðarleiftur** (Flash Forward) (4:13) (e)
**23.35 Spaugstofan** (e)
**00.00 Kastljós**(e)
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 You Can't Stop the Murders**
**10.00 Enchanted**
**12.00 The Last Mimzy**
**14.00 You Can't Stop the Murders**
**16.00 Enchanted**
**18.00 The Last Mimzy**
▶**20.00 The Hoax** Sannsöguleg mynd um Clifford Irving sem tókst að selja útgáfuréttinn af skáldaðri ævisögu um auðkýfinginn Howard Hughes.
**22.00 The Kite Runner**
**00.05 Blow Out**
**02.00 Mississippi Burning**
**04.05 The Kite Runner**
**06.10 Across the Universe**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir og Krakkarnir í næsta húsi.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful** Forrester-fjölskyldan heldur áfram að slá í gegn í tískubransanum þrátt fyrir mikið mótlæti og erjur utan sem innan fyrirtækisins.
**09.30 The Doctors**
**10.20 Eldsnöggt með Jóa Fel** (10:10)
**10.55 60 mínútur**
**11.45 Beauty and the Geek** (6:10)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ed TV**
**15.10 ET Weekend**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Njósnaskólinn, Kalli litli Kanína og vinir og Áfram Diego, áfram!
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (10:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (24:24) Gamanþáttur um bræðurna Charlie og Alan Harper.
**19.50 Fangavaktin** Það er ekki auðvelt að koma í fangelsi í fyrsta sinn eins og Georg og Daníel uppgötva þegar þeir hefja afplánun sína á Litla-Hrauni.
▶**20.30 Glee** (4:22) Gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari ákveður að setja saman sönghóp skólans. Í þættinum fá steríótýpur menntaskólalífsins rækilega á baukinn og allir bresta svo í söng.
**21.20 So You Think You Can Dance** (11:25) Sjötta þáttaröðin í stórskemmtilegri þáttaröð þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna.
**22.10 So You Think You Can Dance** (12:25)
**23.40 It's Always Sunny In Philadelphia** (6:15)
**00.05 Glastonbury**
**02.20 True Blood** (9:12)
**03.15 Rescue Me** (8:13)
**04.00 Ed TV**
**06.00 Glee** (4:22)

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.30 Evrópumótaröðin** Útsending frá Dubai World Championship-mótinu í golfi.
**20.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**21.00 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**22.00 Bestu leikirnir: ÍBV - Keflavík 21.09.97** Árið 1997 börðust Skagamenn og Eyjamenn um Íslandsmeistaratitilinn. Eyjamenn höfðu beðið í 18 ár eftir titlinum og fannst löngu kominn tími á að Íslandsmeistaratitilinn færi aftur til Vestmannaeyja.
**22.30 Atvinnumennirnir okkar: Guðjón Valur Sigurðsson** Þriðji þátturinn í seríu þar sem skyggnst er inn í líf fremstu atvinnumanna þjóðarinnar.
**23.10 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Stoke - Portsmouth** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**16.05 Hull - West Ham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.45 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**18.45 PL Classic Matches** Manchester City - Tottenham, 1994. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**19.15 Liverpool - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Premier League Review**
**22.00 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**22.30 Man. Utd. - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Spjallið með Sölva** (9:13) (e)
**08.00 Dynasty** (11:29) (e)
**08.50 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Spjallið með Sölva** (9:13) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**16.10 Game Tíví** (10:14) (e)
**16.40 Dynasty** (12:29)
**17.30 Survivor** (3:15) (e)
**18.20 Matarklúbburinn** (2:6) (e)
**18.50 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.
**19.00 King of Queens** (25:25) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie. (e)
**19.25 America's Funniest Home Videos** (47:48) (e)
**19.50 Fréttir (e)**
**20.00 90210** (8:22) Navid og Gia rannsaka dópneyslu nemenda í West Beverly fyrir skólablaðið og komast að því að Jasper er ekki allur þar sem hann er séður.
**20.50 Melrose Place** (8:18) Riley hjálpar Jonah við að mynda brúðkaup en það endar með stóru rifrildi. David óttast að hann hafi myrt Sydney og Ella kemst að því að Lauren á sér leyndarmál.
▶**21.40 CSI: New York** (11:25) Efnilegur tískuhönnuður deyr eftir að hafa drukkið banvæna blöndu. Rannsóknin leiðir í ljós að fórnarlambið var gestur í veislu þar sem framandi matur var á boðstólnum.
**22.30 The Jay Leno Show**
**23.20 Harper's Island** (11:13) (e)
**00.10 United States of Tara** (5:12) (e)
**00.45 King of Queens** (25:25) (e)

## ÍNN

**20.00 Eldum íslenskt** Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi.
**20.30 Segðu mér frá bókinni** Nýr þáttur þar sem rithöfundar kynna nýútkomnar bækur sínar og lesa úr þeim. Umsjón hefur Fritz Már Jörgensson rithöfundur.
**21.00 7 leiðir með Gaua litla** Þáttur um heilsufar og mataræði.
**21.30 Í nærveru sálar** Hallfríður Jónsdóttir ljósmóðir segir frá rannsókn sinni um skimun eftir ofbeldi á meðgöngu.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


POPP

Sendu okkur símamynd!



POPP er nýtt fylgirit Fréttablaðsins og kemur út mánaðarlega.

Við viljum að þið sendið okkur klikkuðustu símamyndirnar ykkar.
Bestu myndirnar birtast í næsta tölublaði og höfundur bestu myndarinnar fær tvo kassa af Doritos í verðlaun.

Sendið myndirnar í síma: 696 POPP (696 7677) eða á popp@frettabladid.is

Við viljum tvífara fræga fólksins!
Er kærastan þín eins og Angelina Jolie eða er vinur þinn eins og Jack Black?
Sendu okkur mynd til sönnunar og hún gæti birst í næsta tölublaði.




vodafone

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.10

### So You Think You Can Dance



Sjötta þáttaröðin í stórskemmtilegri þáttaröð þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna. Tuttugu bestu dansararnir hafa verið valdir og hefst úrslitakeppnin í kvöld. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### 1929 – Hrunið mikla

### Sjónvarpið kl. 20.10

Bresk heimildarmynd um hrunið mikla á Wall Street 1929. Á sex dögum í október féll gengi hlutabréfa í kauphöllinni í New York um þriðjung og meira en 25 milljarðar dala glötuðust. Í framhaldi urðu þrjú þúsund bankar gjaldþrota og sparifé fólks varð að engu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Kyrr kjör
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Heimur hugmyndanna
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Frá Tónskáldaþinginu í París
**23.05** Lostafulli listræninginn
**23.45** Úr kvæðum fyrri alda
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (3:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (4:25)
▶**17.30 E.R.** (17:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**18.15 Seinfeld** (22:24)
**18.45 Doctors** (3:25)
**19.15 Doctors** (4:25)
**19.45 E.R.** (17:22)
**20.30 Seinfeld** (22:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 Numbers** (19:23) Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie er stærðfræðiséní sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
**22.45 Mad Men** (6:13) Önnur þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Draper og kollega hans í hinum litríka auglýsingageira á Madison Avenue í New York.
**23.35 Fangavaktin** Sérstakur þáttur af Fangavaktinni sem inniheldur brot af því besta úr þáttaröðinni.
**00.05 Auddi og Sveppi**
**00.35 Sjáðu**
**01.00 Fréttir Stöðvar 2**
**02.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** Absolutely Fabulous **12.10** Absolutely Fabulous **12.35** After You've Gone **12.40** After You've Gone **13.05** My Hero **13.10** My Hero **13.35** Monarch of the Glen **13.40** Monarch of the Glen **14.25** The Weakest Link **14.30** The Weakest Link **15.15** Strictly Come Dancing **15.15** Strictly Come Dancing **16.45** After You've Gone **16.45** After You've Gone **17.15** My Hero **17.15** My Hero **17.45** EastEnders **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **18.15** The Weakest Link **19.00** After You've Gone **19.00** After You've Gone **19.30** Extras **19.30** Extras **20.00** Rob Brydon's Annually Retentive **20.00** Rob Brydon's Annually Retentive **20.30** The Catherine Tate Show **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** Hustle **21.00** Hustle **21.50** After You've Gone **22.00** After You've Gone **22.20** Extras **22.30** Extras **22.50** The Catherine Tate Show **23.00** The Catherine Tate Show

## DR 1

**12.25** Strömsö **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** SPAM - Din digitale medieguide **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserode panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Pinky Dinky Doo **16.30** Byggemand Bob **16.40** Benjamin Bjorn **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Til Tasterne **19.00** Ekspedition New Guinea **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Morse **22.45** OBS **22.50** Seinfeld **23.10** Seinfeld **23.35** Boogie Mix

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Viten om **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn. Ormen i Seljordsvannet **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Kaninby **17.25** Trond med hammer'n **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Folk. En reise i kunsten å te seg **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.35** Livet i Fagervik **21.20** Store Studio **22.00** Kveldsnytt **22.15** Derrick **23.15** Klimakrigen

## SVT 1

**12.20** Barnkonventionen firar 20 år **13.25** Familjen Björck **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Playa del Sol **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Livet i Fagervik **19.45** Hemliga svenska rum **20.00** Vem tror du att du är? **21.00** Black Nation **22.00** Kulturnyheterna **22.15** John Adams **23.25** Dansbandskampen





Þegar um er að ræða þitt eigið fjárhagslegt öryggi á efri árum verður eitt sífellt mikilvægara! Að lífeyristryggingin sé 100% örugg til þess að þú getir notið eftirlaunaaldursins – óháð því hvaða aldri þú nærð.

Þetta öryggi hefur Versicherungskammer Bayern boðið viðskiptavinum sínum í 125 ár. Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna sem 50 milljónir ánægðra viðskiptavina trúa fyrir fjármunum sínum.

Nánari upplýsingar um 100% örugga lífeyristryggingu er að finna á **www.sparnadur.is** eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum.

Við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025 en einnig geturðu sent okkur tölvupóst á sparnadur@sparnadur.is.

SPARNAÐUR
www.sparnadur.is

**Bayern Líf.**

VERSICHERUNGSKAMMER BAYERN
Finanzgruppe

Holtasmári 1 Kópavogur | Kaupvangsstræti 1 Akureyri | Sími: 577 2025 | sparnadur@sparnadur.is www.sparnadur.is

## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Hann er fyrst og fremst góður strákur – góður við mig eins og flesta í kringum sig. Hann hefur oft talað um að honum finnist leiklistin spennandi og þá verður hann að prófa það.“*

Anna Guðmundsdóttir er mamma Ingós í Veðurguðunum. Ingó fær að spreyta sig í þáttunum Réttur 2, en tökur hefjast á næstunni.

# Mamma Gógó færir til frumsýningu

Aðstandendur kvikmyndar Friðriks Þór Friðrikssonar, Mamma Gógó, hafa ákveðið að færa til frumsýningardag myndarinnar og verður hún frumsýnd 1. janúar 2010. Upphaflega stóð til að myndin yrði frumsýnd 26. desember. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu hefði það kostað mikinn hausverk fyrir fólk á borð við menntamálaráðherra því sama dag stóð einnig til að frumsýna Bjarnfreðarson, kvikmynd byggða á Vaktar-þáttunum, og Gerplu Baltasars Kormáks, allt viðburðir sem ráðherrar og aðrir ráðamenn væru nánast skyldugir til að mæta.

En nú er dagskráin breytt. frumsýningu Gerplu hefur verið seinkað og í staðinn kemur Oliver Twist og Mamma Gógó mætir til leiks á fyrsta degi nýs árs. „Þetta er góður dagur hjá Friðriki Þór, hann hefur frumsýnt áður á þessum degi og það hefur alltaf gengið vel,“ segir Guðrún Edda Þórhannesdóttir, einn framleiðandi myndarinnar, en Englar Alheimsins voru frumsýndir á þeim degi fyrir nákvæmlega tíu árum. Englarnir slógu aðsóknarmet sem stóð í tæp sjö ár eða allt þar til Mýrin felldi hana af stalli sem vinsælasta mynd Íslandssögunnar frá því að skipulagðar mælingar hófust.

Guðrún upplýsir jafnframt að sérstök boðsýning verður 30. janúar sem tryggir Mömmu Gógó þátttökurétt í næstu Eddu. „Við vorum vel meðvituð um allar dagsetningar og boðsýningin er náttúrlega sett upp á þessum tíma, meðal annars vegna Eddunnar,“ segir Guðrún sem sjálf mun hafa í nægu að snúast á annan í jólum því dóttir hennar, Melkorka, leikur einmitt í Oliver Twist. „Já, það var kannski gott að við færðum frumsýninguna, nú getur maður bara notið sýningar hennar í rólegheitunum.“

- fgg





**NÆR FRUMSÝNINGU Á OLIVER TWIST** Búið er að færa til frumsýningu kvikmyndarinnar Mömmu Gógó til 1. janúar. Einn af framleiðendum myndarinnar er Guðrún Edda Þórhannesdóttir og getur hún því séð dóttur sína í Oliver Twist sem frumsýnt verður á annan í jólum.



**LÁRÉTT**
**2.** fituskán, **6.** í röð, **8.** siða, **9.** hljóma, **11.** hvort, **12.** mæling, **14.** gáleysi, **16.** skammstöfun, **17.** eyrir, **18.** kk nafn, **20.** holskrúfa, **21.** hróp.

**LÓÐRÉTT**
**1.** botnfall, **3.** guð, **4.** ýtinn, **5.** kóf, **7.** örvera, **10.** óhreinka, **13.** líða vel, **15.** ármynni, **16.** ris, **19.** 49.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** brák, **6.** rs, **8.** aga, **9.** óma, **11.** ef, **12.** mátun, **14.** vangá, **16.** þe, **17.** aur, **18.** ari, **20.** ró, **21.** kall.
**LÓÐRÉTT: 1.** gróm, **3.** ra, **4.** ágengur, **5.** kaf, **7.** smávera, **10.** ata, **13.** una, **15.** árós, **16.** þak, **19.** il.




RACHEL KUM: UNGFRÚ SINGAPORE LANGAR AÐ SJÁ NORÐURLJÓSIN

# Umdeild fegurðardrottning eyðir jólunum á Íslandi

„Ég vil synda í Bláa lóninu um jólin. Ég verð vonandi búin að bóka farið í næstu viku,“ sagði Rachel Kum, ungfrú Singapore, á vefsíðu sinni í vikunni.

Rachel kemur til landsins í desember og verður samkvæmt heimildum Fréttablaðsins í fylgd með vini sínum. Hún er umdeild í heimalandi sínu eftir að myndir af henni úr gleðskap fóru í dreifingu á Netinu. Myndirnar eru reyndar sárasaklausar, sýna hana meðal annars faðma stúlku í typpabúningi og bíta í köku sem er einnig í laginu eins og typpi. Myndirnar fóru fyrir brjóstið á fólki sem fannst hegðun hennar óviðeigandi vegna titilsins. Þeim var lekið á Netið tveimur mánuðum áður en hún tók þátt í Miss Universe, en stjórnendur fegurðarsamkeppninnar í Singapore blésu á gagnrýnisraddirnar. Þeir sögðu að myndirnar skiptu engu máli – þær væru bara teknar í veislum sem fólk hefur haldið fyrir hana.

Ingibjörg Ragnheiður Egilsdóttir keppti í Miss Universe á árinu ásamt Rachel. Hún vissi af komu hennar til landsins og þær hafa verið í tölvupóstsambandi frá því að keppni lauk. Ingibjörg lýsir Rachel sem miklum töffara og segir að hún sé mjög skemmtileg stelpa. „Hún er ekki svona týpísk pempíudrottning,“ segir Ingibjörg og bætir við að áhugi hennar á Íslandi hafi ekki verið áberandi, þó að hún hafi forvitnast um landið eins og hinir keppendurnir. „Hún spurði hvernig Ísland væri og hvernig væri að búa þar.“

Rachel hefur útbúið lista yfir það sem hún vill sjá á Íslandi meðan á dvöl hennar stendur. Hún vill augljóslega fara hinn hefðbundna túristarúnt, ætlar í Bláa lónið og langar að sjá norðurljósin, sem Ingibjörg segir að hafi heillað stelpurnar í keppninni. „Þeim fannst norðurljósin alveg mögnuð, en við lítum náttúrulega öðruvísi á þau vegna þess að við erum búin að sjá þau svo oft.“ Ekki náðist í Rachel sjálfa, en aðstoðarmaður hennar tjáði Fréttablaðinu að hún væri að sýna á góðgerðatískusýningu á Srí Lanka.

atlifannar@frettabladid.is






**NÝR ÍSLANDSVINUR**

Rachel Kum hyggst eyða jólunum á Íslandi. Kum vill synda í Bláa lóninu og sjá norðurljósin með eigin augum. Kum er síður en svo allra í heimalandinu því margir íbúar Singapore urðu ákaflega hneykslaðir þegar myndir af henni úr veislu einni láku á netið. Þar sést hún meðal annars faðma stelpu í typpabúningi.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Barnaefni verður verðlaunað á næstu Edduverðlaunahátíð, eins og Fréttablaðið greindi frá á laugardag. Mikil gróska er í þeim iðnaði eins og annars staðar í kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðinum. Til marks um það eru **Linda Ásgeirsdóttir, Hrefna Hallgrímsdóttir** og félagar á bak við Skoppu og Skrítlu hálfnuð með handrit að mynd númer tvö og leitin að fjármagni stendur yfir.



Jóhannes Haukur Jóhannesson getur verið kampakátur þessa dagana sem og þeir Sigurjón Kjartansson og **Rúnar Freyr Gíslason.** Sýningin á Hellisbúanum hefur nefnilega gengið vonum framar og á föstudaginn kom gestur númer tíu þúsund. Þeir eiga reyndar enn langt í land með að ná meti Bjarna Hauks en yfir áttatíu þúsund manns sáu Hellisbúann hans á sínum tíma.

Menn leggja ýmislegt á sig til að leyfa höfundum sínum að sjá fyrstir bók sína. Þannig setti Hildur Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri og eigandi Sölku-forlagsins, það ekki fyrir sig að keyra með eitt eintak af bók **Bubba Morthens,** Áin, norður í land í svartaþoku á föstudagskvöldið þar sem kóngurinn var til að afhenda honum bókina. Og síðan var blásið til útgáfuveislu í Ýdölum í Aðaldal á laugardag.

-afb, fgg






# Útgefandi Íslands yfirgefur skerið

„Af hverju er ég að stinga af svona rétt fyrir jól? Nú, ég er bara að láta mig hverfa með alla peningana!“ segir Baldvin Esra Einarsson, hugsanlega í gríni. Hann hefur verið afkastamesti tónlistarútgefandi landsins síðustu misserin og séð um útgáfufyrirtækin Kimi og Borgin með fleirum. Nú dælast út plötur frá þessum fyrirtækjum en Baldvin flytur til Gent í Belgíu með allt sitt hafurtask um helgina.

„Opinbera skýring er sú að ég er að fara að stýra útrásararmi Kimi/Borgin-samsteypunnar, en ég er nú bara að elta konuna mína. Hún er þarna í námi,“ segir hann.

Baldvin segir að Gent sé miðsvæðis og því hafi í sjálfu sér verið upplagt að flytja. „Samgöngur á allar tónleikahátíðir og ráðstefnur í Evrópu eru auðveldar og það er auðveldara að byggja upp tenglanet upp á kynningu og dreifingu. Þetta hentar afskaplega vel. Annars hefði maður ekkert verið að þessu.“

Í fjarveru Baldvins mun annað gott fólk stýra útgáfumálum hjá Kima og Borginni. Starfsemin á að halda áfram á fullum dampi og ýmsar plötur eru á teikniborðinu fyrir næsta ár. Hjá Kima kemur til dæmis út plata með Míri og Borgin verður með Seabear, Klassart og nýja plötu með Sigurði Guðmundssyni. „Ég mun stýra Evrópuútgáfunni,“ segir Baldvin. „Við erum að fara að gefa út FM Belfast í Frakklandi í desember og svo kemur hún út í restinni af Evrópu í janúar og í Bandaríkjunum í febrúar. Svo munu fleiri plötur koma út, EP-plata með Benna Hemm Hemm í apríl og svo bara bætist við jafnt og þétt.“

- drg



**STUNGINN AF MEÐ PENINGANA** Kveðjuhóf var haldið fyrir Baldvin Esra í Havarí á fimmtudagskvöldið. Að minnsta kosti tveir brjálaðir menn létu sjá sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM








# Að skapa ný tækifæri

Við sem störfum hjá Norðuráli sjáum þau hvetjandi áhrif sem fyrirtækið hefur á framboð atvinnutækifæra, og grósku mannlífs í nágrannabyggðum.

Við upplifum líka þann aukna kraft til vaxtar sem samstarfið við Norðurál hefur skapað fjölmörgum þjónustufyrirtækjum.

**Vissir þú að:**

- Um 1.500 manns hafa atvinnu af álveri Norðuráls á Grundartanga
- Störf í álveri kalla á mikla fjölbreytni í menntun og starfsreynslu
- Þekking af þjónustu við álver skilar íslenskum verkfræðistofum og iðnfyrirtækjum nú þegar miklum útflutningstekjum
- Beinn ávinningur íslenska ríkisins af framkvæmdum vegna álvers í Helguvík næstu tvö ár verður 1 milljarður á mánuði með sköttum og sparnaði, eða samtals 24 milljarðar
- Bygging álvers í Helguvík og framkvæmdir við orkumannvirki mun skapa 2.000 til 3.000 manns atvinnu á næstu tveimur árum
- Þegar álverið í Helguvík verður fullbyggt má áætla að um 2.000 manns hafi beina atvinnu af starfsemi þess og skattgreiðslur verði um 4 milljarðar á ári

NA NORÐURÁL
Century ALUMINUM

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Svansmerkt prentverk
UMHVERFISMERKI SVANURINN
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Landslið skemmtikrafta



Jón Gnarr og **Páll Óskar** eru meðal fjölmargra listamanna sem sjá um skemmtiatriðin í söfnunarþætti Dags rauða nefs sem UNICEF stendur fyrir. Stöð 2 sýnir þáttinn föstudagskvöldið 4. desember. Allt stefnir í hina fínustu dagskrá því þeir sem leika og semja gamanefni í þættinum eru Þorsteinn Guðmundsson, Tvíhöfði, Ilmur Kristjánsdóttir og Björn Thors. Leikstjóri er Silja Hauksdóttir sem einnig semur nokkur gríninnslög með Ilmi. Páll Óskar syngur í þættinum en eins og fram hefur komið verða Björn og Ilmur kynnar.

### Fámennir tónleikar



**Högni Egilsson** og hinir meðlimir Hjaltalín þeysast nú um landið á viðamiklum túr. Fyrstu tónleikarnir voru á Blönduósi á fimmtudagskvöldið og var fámennt en góðmennt. Í gærkvöldi spilaði bandið á Húsavík. Á leiðinni þangað gerði bandið stans á Akureyri þangað sem búið var að senda eintök af nýju plötunni Terminal. Það var í fyrsta skipti sem meðlimirnir handléku gripinn.

### Banki sem sökk

Kaupþing tók upp nýtt nafn á föstudag og hefur heitið Arion banki síðan um helgina. Í tilkynningu bankans á föstudag kom fram að á þriðja hundrað tillögur hefðu verið sendar í hugmyndasamkeppni og Arion orðið ofan á. Nafnið sé sótt í grískar fornsögur og vísi til þrautseigju, samvinnu og endurkomu. Heldur þykir leitað langt yfir skammt. Enda hafði Kaupþing um árabil átt Arion verðbréfavörslu, sem séð hefur um verðbréfavörslu og bakvinnslu frá 2002. Arion er engu að síður skárra en annað, sem kom til greina. Það var Atlantis. Varla kann góðri lukku að stýra að nefna banka eftir þjóðsagnaeyju sem sökk í sæ fyrir þúsundum ára.



**- fgg, jab**

## Mest lesið visir.is

1. Fangar skemmtu sér vel yfir Fangavaktinni
2. Sakar ríkisstjórnina um lýðskrum
3. Féll í grunn og fékk sjö steypustyrktarjárn í líkamann
4. Fannst höfuðkúpubrotinn við Hressó
5. Hagar eru ekki til sölu


Nýr
iPod nano
Nýtt: innbyggð videoupptaka
Nýtt: FM- útvarp





Apple búðin | www.icemac.is
Sími: 512-1300 | Opnunartími:
Laugavegi 182 | Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16





Dýrara flugið





Ódýrara flugið

Finndu ódýrasta flugið á icelandexpress.is

» Rödd skynseminnar

London breytist ekkert þótt þú borgir meira fyrir flugið!





Þegar þú bókar flug til útlanda skaltu byrja á því að **gera verðsamanburð**. Síðan velurðu að sjálfsögðu **ódýrari kostinn**.

Gúglaðu svo borgina þína. Á netinu er hægt að finna fullt af hagkvæmum upplýsingum um áfangastaðinn þinn. Svo er um að gera að nýta Facebook. Þú átt örugglega vini sem gjörþekkja borgina!

**Þú finnur ódýr flugsæti til Evrópu og Bandaríkjanna á www.icelandexpress.is**

» Evrópa frá:
14.900 kr.
Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

» Bandaríkin frá:
24.900 kr.
Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

Iceland Express
með ánægju

Heiti potturinn
Flugsæti á sjóðheitu verði!

Fiton/SÍA F1031294